FRÉTTABLAÐIÐ
141. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 25. JÚNÍ 2020

AUGLÝSING

DORMA
Láttu draumi

Frábær útsala
í fjórum búðum
verslaðu á dorma.is eða í DORMA
verslun og við sendu vörurnar frítt

www.dorma.is
VEFVERSLUN
SENDUM
FRÍTT

HEFST Í DAG - EKKI MISSA AF ÞESSU

Sumar
útsala
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

DORMA
SMÁRATORGI | HOLTAGÖRÐUM | AKUREYRI | ÍSAFIRÐI

KOLDING
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

Dormaverð: 89.900 kr.

ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR

KOLDING
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Dormaverð: 119.900 kr.

Aðeins **76.415 kr.**

Aðeins **101.915 kr.**

SEALY

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

SEALY PORTLAND
heilsurúm með Classic botni

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

STÆRÐ Í CM	FULLT VERÐ DÝNA OG BOTN	ÚTSÖLUVERÐ DÝNA OG BOTN
120x200	155.900 kr.	**124.720 kr.**
140x200	169.900 kr.	**135.920 kr.**
160x200	184.900 kr.	**147.920 kr.**
180x200	199.900 kr.	**159.920 kr.**
180x210	214.900 kr.	**171.920 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Talalay Latex
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- Kantstyrkingar

SEALY

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

SEALY SEATTLE
heilsurúm með Classic botni

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

STÆRÐ Í CM	FULLT VERÐ DÝNA OG BOTN	ÚTSÖLUVERÐ DÝNA OG BOTN
90x200	109.900 kr.	**87.920 kr.**
120x200	145.900 kr.	**116.720 kr.**
140x200	159.900 kr.	**127.920 kr.**
160x200	174.900 kr.	**139.920 kr.**
180x200	189.900 kr.	**151.920 kr.**
192x203	214.900 kr.	**171.920 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Talalay Latex
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- Kantstyrkingar

SCAPA

ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR

MEGA
hornsófi

Einstaklega kósí hornsófi í slitgóðu, dökkgráu áklæði. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu (tunga/horn ekki færanleg). Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir þér enn meiri þægindi. Fæst einnig minni. Stærð: 297 x 241 cm

Fullt verð: 239.900 kr.

Aðeins **203.915 kr.**

SCAPA

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

OPUS
u-sófi

Kósí, djúpur u-sófi í slitgóðu, yrjóttu áklæði. Fæst í hægri og vinstri útgáfu, ekki færanleg tunga. Í baki Opus eru stórir bakpúðar (58x58 cm) fyrir enn meiri þægindi.
Stærð: 335 x 227 cm.

Fullt verð: 289.900 kr.

Aðeins **217.425 kr.**

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

TIVOLI SLIM
svefnsófi

Ítölsk hönnun. Einstaklega góður svefnsófi.
Bakinu hvolft fram á einfaldan hátt, svefnsvæði 140x190 cm. Kemur í svörtu eða dökkgráu, slitsterku áklæði.

Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins **183.920 kr.**

DORMA

FRÉTTABLAÐIÐ

141. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 25. JÚNÍ 2020

Gert að rýma land í óvissu um eignarhald

Staðarhaldari Jöklasels þarf að rífa fjallaskála samkvæmt niðurstöðu Landsréttar í deilumáli við lóðarleigusala. Deilt er um raunverulegan eiganda landsins í landamerkjamáli fyrir héraðsdómi.

DÓMSMÁL „Þessi skáli var ekki byggður með það í huga að vera færður síðar. Það er alveg á hreinu," segir Bjarni Skarphéðinn Bjarnason, eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Íss og ævintýra, sem hefur gert út jöklaferðir á Vatnajökul frá fjallaskálanum Jöklaseli síðustu tvo áratugi. Bjarni stritar nú við að rífa þennan stóra skála og flytja brakið niður á láglendið eftir um fimm ára deilur og málarekstur við landeigendur á svæðinu.

Dómsmál hefur verið rekið um tilvistarrétt skálans á svæðinu, en í ljós kom í miðjum deilum um leiguverð og leigusamning Bjarna við landeigandann að verulegur vafi leikur á um eignarhald leigusalans á landinu sem skálinn stendur á.

„Þegar menn byggðu skálann árið 1991 og tóku landið á leigu var það af einhverjum ástæðum gert í gegnum prestinn á Kálfafellsstöðum," segir Bjarni. Leigutími samningsins var 25 ár og var leigan um 72 þúsund krónur á ári. Leigjendur voru síðan með forleigurétt á lóðinni er leigutíminn rann út. Í millitíðinni keypti fyrirtæki Bjarna, Ís og ævintýri, skálann og leiguréttinn af upprunalegum leigjanda árið 2001. Þá var íslenska ríkið eigandi jarðarinnar en vegna samnings við þjóðkirkjuna eignaðist hún jörðina árið 2014. Þjóðkirkjan seldi svo jörðina og standa deilur Bjarna við kaupanda jarðarinnar sem sjálfur rekur ferðaþjónustufyrirtæki.

Landið var upphaflega tekið á leigu í gegnum prestinn á Kálfafellsstöðum.

Vegna forleiguréttar Bjarna bauð nýi landeigandinn honum að framlengja leigusamninginn um hluta landsins fyrir þrjár milljónir króna á ári.

Því vildi Bjarni ekki ganga að og endaði deilan fyrir dómstólum. Með dómi Landsréttar var Bjarna gert að rífa skálann þrátt fyrir að upp hefði komið óvissa um að meintur landeigandi ætti jörðina í raun og veru. Líkur standa til þess að landið tilheyri aðliggjandi jörð sem er að hluta í eigu Bjarna sjálfs.

Landamerkjamál er nú rekið fyrir Héraðsdómi Austurlands en Landsréttur hafnaði beiðni um að bíða með úrlausn málsins þar til niðurstaða um landamerkin liggi fyrir. Bjarni vinnur því að niðurrifi skálans í samræmi við dómsorð Landsréttar, þrátt fyrir að enn eigi eftir að skera úr um hver sé raunverulegur eigandi landsins sem hann stendur á. **– ókp**

FRÉTTABLAÐIÐ
Nánar á frettabladid.is

KR-ingar kanna réttarstöðu sína

Gunnar Þór Gunnarsson

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild KR er með til skoðunar að sækja bætur til fasteignafélagsins Regins vegna tjóns sem félagið hefur orðið fyrir vegna meiðsla leikmanna sinna. Þrír leikmenn KR hafa meiðst alvarlega á árinu í Egilshöll sem Reginn rekur.

„Við erum að skoða hvort það sé grundvöllur fyrir bótarétti og þá að sækja bætur í hendur Regins. Við teljum að við og okkar leikmenn hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna vanrækslu fasteignafélagsins," segir Páll Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar KR.

KSÍ endurnýjaði vallarleyfi hallarinnar í mars til ársins 2021 þó að vottun vanti á grasið. Bjarni Jóhannsson, þjálfari Vestra og einn reynslumesti þjálfari landsins, segir undanþágugjafir sambandsins hafa komið í veg fyrir uppbyggingu knattspyrnumannvirkja hér á landi, sérstaklega á landsbyggðinni. **– bb / sjá síðu 16**

Guðmundur og Villi í Barónessunni buðu gesti og gangandi velkomna á sumarsólstöðuhátíð í verslun sinni í gær. Hátíðin var tileinkuð minningu þeirra sem létust í COVID-19 faraldrinum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veður



Suðvestan 3-8 í dag og víða skúrir. Hiti 8 til 19 stig, hlýjast austanlands. SJÁ SÍÐU 20

Lagt verður til að samkomutakmarkanir verði rýmkaðar í júlí.

Fleiri fá að koma saman

COVID-19 Næsta skref í afléttingu ferðatakmarkana verður tekið þann 13. júlí næstkomandi ef heilbrigðisráðherra fellst á tillögur sóttvarnalæknis. Þá mega tvö þúsund manns koma saman í einu.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir tilkynnti þetta á upplýsingafundi almannavarna í gær. Hann sagðist ætla að leggja fram tillögu til heilbrigðisráðherra þess efnis að samkomutakmarkanir yrðu rýmkaðar í tvö þúsund manns þann 13. júlí.

Síðast voru takmarkanirnar rýmkaðar úr hundrað manns sem máttu koma saman, upp í fimm hundruð þann 15. júní síðastliðinn. Ætlunin er að aflétta samkomu- og fjöldatakmörkunum í hægum skrefum og hefur venjan verið að rýmka þær á þriggja vikna fresti.

Þórólfur sagði að í ljósi þess að mikið væri að gerast í samfélaginu nú og landið að taka á móti ferðamönnum í nokkrum mæli þætti honum skynsamlegast að láta fjórar vikur líða frá síðustu afléttingu til þeirrar næstu í þetta skiptið.

Heilbrigðisráðherra hefur hingað til farið að tillögum sóttvarnalæknis um afléttingarnar. Hann sagði það þá til skoðunar að lengja opnunartíma á veitinga- og skemmtistöðum en þeir mega aðeins vera opnir til klukkan 23 á kvöldin eins og stendur.

Hann sagði að málið yrði skoðað á næstunni og kynnt í framhaldinu. **– ókp**

Eldgleypar á Ingólfstorgi

Meðlimir í Götuleikhúsi Hins hússins brugðu á leik á Ingólfstorgi í Reykjavík í gærdag og fluttu gjörninginn „Undralegt“. Gjörningurinn var tileinkaður breska tónlistarmanninum Keith Flint sem eitt sinn leiddi hljómsveitina The Prodigy. Hljómsveitin hefur spilað nokkrum sinnum á Íslandi. Hópurinn ætlar svo að fremja eldgjörning á Arnarhóli á morgun og lofa þau því að höllinn muni loga. FRÉTTABLAÐI/SIGTRYGGUR ARI

Ákærður fyrir manndráp í Sandgerði

DÓMSMÁL Karlmaður á sextugsaldri hefur verið ákærður fyrir manndráp af ásetningi en hann er grunaður um að hafa orðið eiginkonu sinni að bana á heimili þeirra í Sandgerði í mars síðastliðnum. Þetta staðfesti Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari við Fréttablaðið.

Konan lést þann 28. mars en í fyrstu þótti ekkert benda til þess að eitthvað saknæmt hefði átt sér stað. Þegar niðurstaða réttarmeinafræðings lá fyrir þremur dögum síðar vaknaði grunur um að andlát konunnar hefði borið að með saknæmum hætti. Var maðurinn handtekinn í kjölfarið og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan snemma í apríl. Banamein konunnar reyndist vera kyrking.

Gert er ráð fyrir að málið verði þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í næstu viku. **– ilk**

Skógræktin úthýsir eigendum hjólhýsa

Samningar Skógræktarinnar við leigjendur í hjólhýsabyggðinni í Þjórsárdal verða ekki endurnýjaðir. Fengu leigjendur bréf um það í gær að þeir þyrftu að rýma stæðin á næsta ári. Margir hafa eytt milljónum króna í endurbætur.

SUÐURLAND Skógræktin hefur ákveðið loka hjólhýsasvæðinu í Þjórsárdal. Meira en eitt hundrað hjólhýsi eru á svæðinu og sum hafa verið þar áratugum saman. Í gær fengu leigjendur bréf þar sem segir að leigusamningar verði ekki endurnýjaðir og þeim sagt upp frá og með 1. júní árið 2021. Eru leigjendur beðnir um að fjarlægja eigur sínar af stæðum fyrir þann tíma.

„Við eigum að rífa allt,“ segir Eddi Arndal Sigmarsson, sem nýlega tók við stæði á svæðinu frá föður sínum og hefur staðið í miklum framkvæmdum í sumar. Meðal annars að mála, setja upp pall og sólarsellu. „Ég var að skrúfa síðustu skrúfuna í. Þeir eru búnir að vera að horfa á fólkið mála og setja upp palla,“ segir hann um Skógræktina. Fjölskyldan hefur haft stæðið frá árinu 1986.

Málið á sér nokkurn aðdraganda. Eftir banaslys árið 2013 ákvað Skógræktin að ekki yrði lengur hægt að selja hjólhýsin á landinu en ekki stóð til að loka svæðinu. Voru settar reglur um skoðunarskyldu hýsanna, meðal annars á hjóla- og ljósabúnaði. Var sú ákvörðun kærð en málið tapaðist fyrir Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Hafa leigjendur síðan uppfært gömul hjólhýsi og sumir keypt ný. Meðal annars hjón sem nýverið sérpöntuðu nýtt hýsi frá Danmörku. Hafa sumir farið í framkvæmdir fyrir margar milljónir króna.

Ætla má að ákvörðunin snerti alls um 300 til 400 manns sem hafa nú ekki mikinn tíma til þess að ganga frá svæðum sínum, fjarlægja hjólhýsin, palla og allt sem þeim tilheyrir. Enginn er á svæðinu yfir veturinn. Aðspurður segist Eddi ekki vita hvað hann ætli að gera nú, þetta sé svo nýskeð.

Margir leigjendur hafa eytt milljónum króna í framkvæmdir. MYND/AÐSEND

> **Lögmaður félagsins er nú að skoða réttarstöðu leigutaka á svæðinu.**

Heiðveig María Einarsdóttir, formaður Félags áhugamanna um hjólhýsabyggð í Þjórsárdal

Heiðveig María Einarsdóttir, formaður Félags áhugamanna um hjólhýsabyggð í Þjórsárdal, segir að tilkynningin hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. „Þetta er enginn aðlögunartími, innan við ár,“ segir hún. „Lögmaður félagsins er nú að skoða réttarstöðu leigutaka á svæðinu.“

Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri vildi ekki ræða málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

TAX FREE*

af öllum vörum aðeins í dag

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Opið til 21:00
í Skútuvogi í kvöld

Gefum ÍS
í Skútuvogi
kl. 15-20

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum

***Gildir ekki af vörum í timbursölu, Weber grillum, Philips Hue, tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“**

Miklar breytingar verða gerðar á Dalveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Til stendur að loka stöðinni á Dalveginum

KÓPAVOGUR Til stendur að loka endurvinnslustöðinni á Dalvegi í Kópavogi. Nýtt deiliskipulag fyrir Dalveg 20 til 30 var samþykkt á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag með sex atkvæðum meirihlutans gegn þremur, en tveir fulltrúar Samfylkingar sátu hjá.

Auk endurvinnslustöðvarinnar verða gróðurhúsin fjarlægð og í staðinn reist verslunarhús á þremur til fimm hæðum. Þá verður vegurinn færður og spennistöð einnig.

Harmaði minnihlutinn að ekki hefði farið fram auka kynning á breytingunum og fór fram á frestun, en þær voru aðeins kynntar rafrænt vegna COVID-19 faraldursins. Frestunin var hins vegar felld með sex atkvæðum gegn fimm. Minnihlutinn gerði hins vegar ekki athugasemdir við lokun endurvinnslustöðvarinnar, því það hefði lengi staðið til hjá eigendavettvangi sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri hefji vinnu í samráði við eigendavettvanginn við að loka stöðinni áður en uppbyggingu á svæðinu lýkur.

– khg

Enn mikil verðlækkun á sjávarafurðum

SJÁVARÚTVEGUR Verð sjávarafurða hefur lækkað fjóra mánuði í röð samkvæmt tilkynningu frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Í maímánuði á þessu ári lækkaði verð á sjávarafurðum í erlendri mynt um 2,3 prósent frá fyrri mánuði.

Verðlækkunina má rekja til COVID-19 en mikil breyting hefur orðið á eftirspurn eftir sjávarafurðum í faraldrinum ásamt því að þrýstingur um verðlækkanir hefur aukist. Veiðivísitölur botnfiskafurða benda til þess að verð á landfrystum botnfiskafurðum hafi staðið í stað en verð á öðrum botnfiskafurðum lækkað. **– bdj**

ASÍ segir brýnt að hækka atvinnuleysisbætur

SAMFÉLAG Miðstjórn ASÍ sendi frá sér ályktun um efnahags- og atvinnumál eftir miðstjórnarfund sem lauk klukkan hálf fjögur í gær. Stjórnin lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu launafólks og atvinnuleitenda með haustinu í ljósi atvinnuástandsins.

Í ályktuninni segir að stuðningi stjórnvalda hafi verið beint til fyrirtækja fremur en fólks. Mikilvægasta aðgerðin til að milda áhrifin fyrir einstaklinga og heimili, og þannig fyrir efnahagslífið, sé að hækka atvinnuleysisbætur og lengja tímabil tekjutengingar. Miðstjórn ASÍ fer fram á að stjórnvöld taki af skarið um úrbætur þegar í stað.

Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Drífa Snædal, forseti ASÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að núna sé stóra verkefnið að klára það sem út af stendur frá kjarasamningunum frá því síðasta vor.

„Þá verður einnig að tryggja framfærslu og húsnæðisöruggi landsmanna inn í haustið.“

Miðstjórn ASÍ hafnar öllum tillögum sem lúta að því að senda reikninginn vegna björgunaraðgerða stjórnvalda í tengslum við COVID-kreppuna til almennings á næstu árum. **– uö**

Þurfum að læra af reynslu Norðmanna varðandi laxalús

Sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun segir að Íslendingar eigi að sperra eyrun við nýrri skýrslu um stöðu villtra laxastofna í Noregi. Í skýrslunni er dregið fram að laxalús sé sífellt stærri ógn við villta laxastofna þar í landi. Staðþekkingu á laxalús skortir hérlendis að mati sviðsstjórans og læra þurfi hratt.

FISKELDI Staða villta laxastofnsins í Noregi er enn slæm þrátt fyrir ýmsar mótvægisaðgerðir. Aukin dánartíðni af völdum laxalúsar er stór ástæða þess. Þetta eru meginniðurstöður nýrrar skýrslu Vísindaráðsins um laxinn sem er skipað óháðum norskum sérfræðingum.

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri ferskvatnssviðs hjá Hafrannsóknastofnun, segir að Íslendingar ættu að sperra eyrun við skýrslunni.

„Norðmenn eru með rúmlega 30 ára reynslu af laxeldi. Það er búið að stöðva aukningu í laxeldi í opnum sjókvíum í Noregi þangað til búið er að finna lausn á þessum vandamálum tengdum laxalús. Það eru sterkar vísbendingar um að áhrifin hafi verið vanmetin hingað til og það sé að hafa áhrif á stærð villta laxastofnsins í Atlantshafi,“ segir Guðni.

Það er niðurstaða vísindaráðsins að sífellt fleiri laxastofnum við Noreg standi ógn af laxalús og mikil hætta sé á að þeim fjölgi enn frekar. Ekki hafi verið gripið til nægilegra mótvægisaðgerða til að bæta ástandið.

Á síðasta ári er talið að um 39 þúsund færri laxar hafi skilað sér frá hafi í árnar vegna laxalúsar. Það er aukning um tíu þúsund laxa milli ára en fækkun frá árunum 2010 til 2014 þegar fjöldinn var metinn 50 þúsund á ári.

Guðni bendir á að hér hafi verið gripið til ýmissa aðgerða til að sporna við neikvæðum áhrifum sjóeldis á lífríkið. „Það hefur verið farið í að loka ákveðnum svæðum með hagsmuni villtra laxfiska að leiðarljósi sem ég held að hafi verið afskaplega mikilvægt. Síðan er búið að innleiða hérna í lög líka bæði burðarþolsmat og áhættumat fyrir erfðablöndun.“

Í skýrslunni segir að laxalús og strokufiskar úr laxeldi séu stærsta ógnin við villta laxastofna í Noregi. MYND/GETTY

> **Það sem hins vegar hefur ekki verið tekið tillit til hér á landi ennþá er laxalús.**
>
> Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun

Þannig þurfi að grípa til aðgerða komi fram mælanleg óæskileg áhrif í tengslum við erfðir eða mengun.

„Það sem hins vegar hefur ekki verið tekið tillit til hér á landi ennþá er laxalús. Það er kannski þungamiðjan í þessari norsku skýrslu,“ segir Guðni.

Því hafi á sínum tíma til dæmis verið haldið fram að laxalús yrði aldrei vandamál á Íslandi þar sem það væri of kalt.

„Það hefur hins vegar sýnt sig að alltaf hefur verið laxalús á Íslandi. Lúsin er vandamál hér en hversu stórt vandamál á eftir að koma í ljós. Mögulega geta áhrifin verið sambærileg hér og í Noregi.“

Þess vegna hafi menn reynt halda fjarlægð frá ósum, búa til þekkingu og fara ekki of hratt. Það skipti miklu máli að fara ekki inn á svæði þar sem mikið er í húfi.

„Við eigum að læra af þessu því áhættan er til staðar. En þegar ákvarðanir eru teknar um hvort laxeldið eða hin villta náttúra njóti vafans eru það pólitískir hagsmunir sem ráða.“

Guðni segir að hér á landi skorti staðþekkingu á laxalús og fiskilús en vandamálið snerti ekki síður hagsmuni laxeldisins. „Við þurfum að læra hratt og þess vegna skiptir máli að eiga gott samstarf við greinina. Svo geta menn lagst á eitt með að minnka áhrifin sem mest því það er auðvitað allra hagur.“

sighvatur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI Jeep® RAM FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

Kynntu þér gott úrval bíla fyrir ferðalagið á notadir.is

SUMARTILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

500.000 kr. afsláttur

Verð nú
4.990.000 kr.
Verð áður 5.490.000 kr.

MERCEDES-BENZ A-Class 180 d

Árgerð 2019, ekinn 3 þús. km, dísil, 1461 cc, 116 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994901 Staðsetning: Kletthváls

230.000 kr. afsláttur

Verð nú
860.000 kr.
Verð áður 1.090.000 kr.

KIA CEED SPORTSWAGON LX

Árgerð 2014, ekinn 137 þús. km, bensín, 1396 cc, 100 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994363 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

260.000 kr. afsláttur

KIA
PICANTO LX

Árgerð 2015, ekinn 42 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994314 Staðsetning: Kletthváls

Verð áður 1.090.000 kr.

830.000 kr.

600.000 kr. afsláttur

MERCEDES-BENZ
CLA 200 d

Árgerð 2018, ekinn 21 þús. km, dísil, 2143 cc, 136 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994255 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

Verð áður 5.990.000 kr.

5.390.000 kr.

240.000 kr. afsláttur

TOYOTA
YARIS

Árgerð 2011, ekinn 108 þús. km, bensín, 998 cc, 70 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994370 Staðsetning: Kletthváls

Verð áður 990.000 kr.

750.000 kr.

240.000 kr. afsláttur

VW
GOLF VARIANT COMFORTLINE

Árgerð 2017, ekinn 86 þús. km, bensín, 1395 cc, 125 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994424 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

Verð áður 2.490.000 kr.

2.250.000 kr.

200.000 kr. afsláttur

VW
POLO COMFORTLINE

Árgerð 2016, ekinn 104 þús. km, bensín, 1197 cc, 90 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994445 Staðsetning: Bílasala Selfoss

Verð áður 1.490.000 kr.

1.290.000 kr.

600.000 kr. afsláttur

BMW
X1 XDRIVE18D

Árgerð 2017, ekinn 71 þús. km, dísil, 1995 cc, 150 hö sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 390942 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

Verð áður 4.390.000 kr.

3.790.000 kr.

300.000 kr. afsláttur

KIA
RIO EX

Árgerð 2016, ekinn 97 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 292376 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

Verð áður 1.490.000 kr.

1.190.000 kr.

400.000 kr. afsláttur

KIA
SPORTAGE EX

Árgerð 2016, ekinn 117 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994452 Staðsetning: Keflavík

Verð áður 3.390.000 kr.

2.990.000 kr.

500.000 kr. afsláttur

HYUNDAI
TUCSON CLASSIC

Árgerð 2018, ekinn 93 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994403 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

Verð áður 3.490.000 kr.

2.990.000 kr.

540.000 kr. afsláttur

MERCEDES-BENZ
CLS 350 BLUETEC 4MATIC

Árgerð 2013, ekinn 24 þús. km, dísil, 2987 cc, 252 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994392 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

Verð áður 6.390.000 kr.

5.850.000 kr.

MERCEDES-BENZ
E-Class 220 d All-Terrain

Árgerð 2018, ekinn 18 þús. km, dísil, 1950 cc, 195 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 341247 Staðsetning: Kletthváls

7.790.000 kr.

340.000 kr. afsláttur

TOYOTA
AVENSIS LIVE STW

Árgerð 2017, ekinn 67 þús. km, bensín, 1798 cc, 147 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994496 Staðsetning: Kletthváls

Verð áður 2.790.000 kr.

2.450.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

**Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz.

NOTAÐIR BÍLAR ASKJA

notadir.is

Kletthálsi 2 og Bílakjarnanum Eirhöfða 11
110 Reykjavík · Sími 590 2160

Opnunartímar
Mán-fim 10–18, fös 10-17, lau 12–16

Umboðsmenn um land allt:
K.Steinarsson, Bílás, Bílver, Bílasala Selfoss, BVA, Höldur

Fjöldi sendinga í þessum mánuði svipaður og á jólunum

COVID-19 Yfir þúsund sendingar og umslög til og frá landinu fara í gegnum vöruhús DHL á degi hverjum, en gríðarleg aukning hefur orðið í netverslun í kjölfar kórónaveirufaraldursins.

Björn Viðar Ásbjörnsson, sölu- og markaðsstjóri DHL á Íslandi, segir starfsfólk fyrirtækisins hafa fundið fyrir miklum breytingum vegna faraldursins. „Innflutningurinn varð eðlilega fyrir áhrifum af minnkandi eftirspurn á innlendum markaði ásamt lokunum erlendra birgja en íslenskar netverslanir sáu til þess að aukning varð í útflutningi," segir hann.

Sverrir Auðunsson, framkvæmdastjóri DHL á Íslandi, tekur undir orð Björns og segir að frá því að reglur um samkomubann voru rýmkaðar hafi sendingum fjölgað verulega. „Magnið sem hefur verið að koma núna í júní sést yfirleitt bara um jólin," segir Sverrir.

Á vélinni stendur „Thank you".

Þá segir hann það að fyrirtækið hafi frá því í október á síðasta ári verið með sína eigin flugvél hafa skipt sköpum í inn- og útflutningi. „Vélinni hefur verið flogið alla daga til og frá landinu óháð veðri eða veirunni," segir Sverrir.

„Það kemur sér því vel að vera með okkar eigin flugvél og til að mynda fengum við sérmerkta vél til landsins fyrir stuttu með merkingu sem þakkaði heilbrigðisstarfsfólki um víða veröld fyrir að bjarga mannslífum. Þessi vél flaug til fjölda áfangastaða um allan heim og við vorum mjög stolt af því að fá hana til Íslands og þakka hetjunum okkar í framlínunni hér heima," bætir hann við. **– bdj**

Biden sækir á í baráttufylkjunum.

Fylgiskannanir eru Biden í vil

BANDARÍKIN Demókratinn Joe Biden er í góðri stöðu í baráttufylkjunum miðað við kannanir. Í Michigan hefur hann 9 prósenta forskot á Donald Trump, 6 í Wisconsin og 5 í Pennsylvaníu. Þetta eru þau fylki sem Trump vann naumlega 2016 og skiluðu honum sigri.

Í miðvesturríkjunum er Biden einnig með nauma forystu í Ohio, 2 prósent, en enginn frambjóðandi Repúblikana hefur unnið forsetakosningar án Ohio. Trump mælist hins vegar betur í gömlum baráttufylkjunum Missouri og Iowa.

Biden leiðir með 9 prósentum í Michigan og 6 í Flórída

Suðvesturríkin eru það svæði sem er að breytast hvað hraðast í samfélagsgerð, bæði hvað varðar innflytjendur og fjölgun í þéttbýli sem reiknast Demókrötum í hag. Biden er nú talinn öruggur með Colorado, Nýju Mexíkó og Nevada og hefur 4 prósenta forskot í Arizona, gömlu vígi Repúblikana. Fyrir fáum árum hefði það talist óhugsandi að Demókratar gætu unnið Texas og Utah en Trump hefur aðeins nauma forystu þar.

Á suðausturströndinni er Biden talinn öruggur með Virginíu og hefur 6 prósenta forskot í Flórída. Er það talið skipta höfuðmáli að Biden höfðar til eldri kjósenda. Tvö stór fylki standa á hnífsegg, Norður-Karólína og Georgía.

Miðað við kannanir myndi Biden vinna með 368 kjörmenn á móti 170. En búist er við því að baráttan harðni á komandi vikum. **– khg**

Formaður SÍK kallar eftir rannsókn á greiðslum RÚV

Formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda segir að rannsaka þurfi greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda. Segir hann að ef greiðslurnar séu löglegar þá séu þær ekki í anda þjónustusamningsins. Ríkisútvarpið hafi forskot á markaðinum og ætti að fara fram með góðu fordæmi.

STJÓRNSÝSLA „Þetta er grafalvarlegt mál. Ef þetta er staðan þá tel ég eðlilegt að þetta verði rannsakað og leiðrétt. Það er engan veginn í lagi að brjóta á rétti sjálfstæðra framleiðenda og taka af þeim fjármagn sem ætti að fara í íslenskt leikið efni og heimildarmyndir," segir Kristinn Þórðarson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær vantar rúmlega 195 milljónir króna upp á að Ríkisútvarpið ohf. uppfylli kröfur þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Notast RÚV við aðra skilgreiningu á hugtakinu en finna má í fjölmiðlalögum og skilgreinir þannig verktakagreiðslur til einstaklinga sem kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Engin svör hafa borist frá RÚV um forsendur skilgreiningarinnar.

Kristinn segir skilgreiningu RÚV vera einkennilega og skilur ekki hvaðan hún kemur. „Tvö hundruð milljónir eru heilmiklir peningar. Það eru auðveldlega tvær sjónvarpsseríur og kaup á nokkrum bíómyndum. Það er bara á þessu eina ári, það þyrfti að skoða árin á undan líka," segir Kristinn.

„Það munar mjög miklu að bíða með verkefni í eitt eða tvö ár vegna þess að RÚV segist ekki eiga peninga. Ef það er búið að eyða þeim í annað, þá er það grafalvarlegt," segir hann

Telur hann það ekki breyta miklu ef það kemur í ljós að RÚV sé heimilt lagalega séð að notast við eigin skilgreiningu. „Þá er verið að teygja sig langt inn á gráa svæðið og ekki í anda þess sem lagt var upp með í þjónustusamningnum árið 2016."

Ríkisútvarpinu ber að verja 11 prósentum tekna sinna í efni frá sjálfstæðum framleiðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

> Tvö hundruð milljónir eru heilmiklir peningar. Það eru auðveldlega tvær sjónvarpsseríur og kaup á nokkrum bíómyndum.

Kristinn Þórðarson, formaður SÍK

Hann bindur vonir við að nýr þjónustusamningur taki á þessu. „Ég geri ráð fyrir að ráðherra og aðrir telji að RÚV fari eftir sömu skilgreiningu, sem virðist ekki vera gert," segir Kristinn.

„Við erum með tvær aðrar sjónvarpsstöðvar sem eru að standa sig mjög vel, bæði Sýn og Síminn, en hafa ekki þetta forskot sem RÚV hefur. Þess vegna ætti RÚV að fara fram með góðu fordæmi."

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, lagði fram drög að þjónustusamningnum fyrir ríkisstjórn í desember síðastliðnum. Í svari ráðuneytisins í janúar sagði að búist væri við því að kynna hann á næstu vikum.

Ráðherra vildi ekki veita viðtal vegna málsins í gær þegar leitast var eftir því.

arib@frettabladid.is

FLOWERBOMB

NÝR ILMUR

VIKTOR&ROLF

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VIKTOR&ROLF
ILMUM DAGANA 25. JÚNÍ – 1. JÚLÍ

HAGKAUP
Snyrtivara

Viktor & Rolf fæst í Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.

EFLING
STÉTTARFÉLAG

Atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning Eflingar-stéttarfélags við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu – SFV

Rafræn atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning Eflingar-stéttarfélags og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu – SFV hefst klukkan 12:00 á hádegi mánudaginn 29. júní og lýkur kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 2. júlí.

Atkvæðisrétt eiga félagsmenn Eflingar sem vinna hjá SFV.
Fái einnhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki aðgang að þessari rafrænu atkvæðagreiðslu, (með rafrænum skilríkjum eða Íslykli) getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu Eflingar fram til loka kjörfundar, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram nauðsynleg gögn.

Sjá nánari upplýsingar á www.efling.is

Reykjavík, 23. júní 2020.
Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags

www.efling.is

Sjúkraflutningamenn í Búenos Aíres flytja aldraðan sjúkling á sjúkrahús. MYND/EPA

Tilfellum fjölgar enn í löndum Ameríku

COVID-19 faraldurinn er langt frá því að vera í rénun í löndum Norður- og Suður-Ameríku. Sérfræðingar í sóttvörnum eru ekki bjartsýnir á stöðuna. Meira en 100 þúsund manns hafa látist í Bandaríkjunum og Brasilíu.

COVID-19 Víða í Norður- og Suður- Ameríku er COVID-19 faraldurinn langt frá því að vera í rénun. Samkvæmt tölum Johns Hopkins-háskóla hafa 121 þúsund Bandaríkjamenn látist af völdum kórónaveirunnar. Meira en 100 þúsund hafa látist af völdum faraldursins í Suður-Ameríku, þar af 52 þúsund í Brasilíu. Alls hafa 9,2 milljónir tilfella verið staðfestar í heiminum, þar af 2,3 í Bandaríkjunum og 1,1 milljón í Brasilíu.

Tedros Adhanom, yfirmaður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar, benti á að það hefði tekið þrjá mánuði að staðfesta milljón tilfelli, en aðeins átta daga að fjölga þeim úr átta í níu milljónir.

Anthony Fauci, einn helsti ráðgjafi ríkisstjórnar Bandaríkjanna vegna COVID-19 faraldursins, segir að ekki sé búið að koma böndum á faraldurinn í landinu. Fauci, ásamt þremur öðrum sérfræðingum í sóttvörnum, ræddi um stöðuna á fundi viðskiptanefndar Bandaríkjaþings á þriðjudag. Þar dró hann upp mun dekkri mynd af stöðunni en ríkisstjórnin.

Fauci sagði að mikil fjölgun væri í tifellum á sumum stöðum í landinu þar sem fólk virti að vettugi samkomubann og að einstök ríki væru að slaka á reglum fyrr en æskilegt er. Staðan í New York, þar sem faraldurinn var hvað mestur á tímabili, er orðin góð, en nú séu mörg önnur ríki þar sem mikil óvissa ríki um stöðuna.

» Á þriðjudag reið yfir jarðskjálfti af stærðinni 7,4 í Mexíkó, sama dag og flest tilfelli til þessa greindust í landinu.

Samkvæmt The Washington Post fjölgar staðfestum tilfellum í Arizona, Arkansas, Kaliforníu, Tennessee, Texas og bæði Norður- og Suður-Karólínu.

Robert Redfield, forstjóri Sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna, sagði að þörf væri á mun víðtækari skimun. Þau rúmlega 500 þúsund sýni sem væru tekin daglega dygðu ekki til. Þá störfuðu allt of fáir við smitrakningu, en það gera 28 þúsund manns.

Fauci er bjartsýnn á að bóluefni líti dagsins ljós í lok árs eða byrjun þess næsta.

Tilfelli eru orðin fleiri en 100 þúsund í Kanada og hefur Justin Trudeau forsætisráðherra gefið út að mögulega þurfi samkomubann í landinu að vara í nokkra mánuði til viðbótar.

Tilfellum í Brasilíu fjölgaði um tæplega 40 þúsund á þriðjudaginn. Bæði Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, og Andres Obrador, forseti Mexíkó, hafa gert lítið úr faraldrinum. Alexandre Barbosa, prófessor við háskólann í Sao Paulo, sagði við Reuters í vikunni að líklega væru miklu fleiri smitaðir í Brasilíu. „Raunveruleg tala er í það minnsta þrjár milljónir, það gætu verið allt að tíu milljónir," sagði Barbosa.

Á þriðjudag reið yfir jarðskjálfti af stærðinni 7,4 í Mexíkó, sama dag og flest tilfelli til þessa greindust í landinu. Á mánudaginn tók Chile svo fram úr Spáni og Ítalíu í fjölda staðfestra tilfella.

Samkvæmt opinberum tölum á Kúbu er faraldurinn þar í rénun, hafa þar 85 látist.

arib@frettabladid.is

Trilljarða samdráttur í kortunum

VIÐSKIPTI Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) spáir nú umtalsverðum samdrætti í landsframleiðslu ríkja heimsins vegna COVID-19 faraldursins.

Er spáð samdrætti upp á 4,9 prósent á heimsvísu. Spáð er meira en tíu prósenta samdrætti í Bretlandi á þessu ári og átta prósent í Bandaríkjunum.

Þá er spáð tæplega 13 prósenta samdrætti á Ítalíu, Frakklandi og Spáni. Þá er spáð eins prósents hagvexti í Kína sem er mun minna en fyrri ár.

Samkvæmt skýrslu AGS munar mestu um einkaneyslu en fjárfestingar hafa einnig dregist saman. Mun samdrátturinn á heimsvísu alls nema um 12 trilljónum Bandaríkjadala, gerir það um 1,6 trilljarða króna. Við erum ekki sloppin," sagði Gita Gopinath, aðalhagfræðingur stofnunarinnar.

Gita Gopinath, aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. MYND/EPA

» Spáð er 13 prósenta samdrætti á Ítalíu, Frakklandi og Spáni og aðeins 1 prósents hagvexti í Kína.

Kallar AGS eftir alþjóðasamstarfi til að tryggja að árangur við að minnka sárafátækt í heiminum verði ekki fyrir bý í faraldrinum.

– ab

Bókaðu þinn tíma

Bókaðu tíma á einfaldan hátt á vef Íslandsbanka og við höfum samband og aðstoðum þig símleiðis.

Ef erindið krefst afgreiðslu í útibúi bókum við fund í kjölfar símtalsins og tökum vel á móti þér á tíma sem þér hentar.

islandsbanki.is/radgjof

Finnur Oddsson, forstjóri Haga.

Olís dró rekstur Haga niður

Samdráttur í rekstrarhagnaði Olís á rekstrarárinu 2018/19 „virðist hafa étið upp allan ávinning af sameiningu við Haga“. Þetta kemur fram í greiningu Jakobsson Capital sem Markaðurinn hefur undir höndum. Rekstrartapið nam 334 milljónum króna.

Olíudreifing hefur átt undir högg að sækja síðustu tvö ár. „Olís stóð hvað veikast af olíufélögunum þremur,“ segir í verðmatinu og er nefnt að rekstur Olís hafi dregið niður afkomu Haga. Ávöxtun samstæðunnar á bundið fé (e. ROIC) á síðasta rekstrarári, en uppgjörsárið er skakkt, var um ellefu prósent. Fyrir sameininguna var hlutfallið yfir 20 prósentum.

Olís stóð hvað veikast af olíufélögum þremur.

Úr verðmati Jakobsson Capital á Högum

„Sameiningar eru tímafrekar og dýrari en stjórnendur reikna oftast með. Það tekur alltaf tíma að samþætta og straumlínulaga rekstur,“ segir Jakobsson Capital.

Finnur Oddsson tók nýverið við sem forstjóri Haga af Finni Árnasyni. Í verðmatinu segir að ljóst sé að „umbreytinga er þörf hjá Olís og munu tímar samþættingar væntanlega vera fram undan“. Aukinheldur er nefnt að ýmis tækifæri kunni að leynast í dreifikerfi Olís, til dæmis ef Hagar fikri sig í meiri mæli í netverslun. Þá séu margar bensínstöðvar Olís á verðmætu landi sem mætti selja.

Jakobsson Capital verðmetur gengi Haga á 54,4 krónur á hlut eða sjö prósentum hærra en markaðsvirðið í gær. Gengið Haga hefur ekki lækkað á markaði eins og flestra félaga í kjölfar COVID og gengið hækkaði mikið undir lok árs 2019.

– hvj

Juku framleiðslu hreins áls eftir lokanir á meginlandinu

Íslensku álverin drógu úr framleiðslu sérhæfðra afurða eftir að COVID-19 faraldurinn orsakaði lokanir á verksmiðjum víða í Evrópu. Landsvirkjun tekur á sig hluta tekjufallsins með lækkun raforkuverðs. Talsmenn álveranna segja að verðmunur á hreinu áli og sérhæfðari málmum geti numið allt að 30 prósentum.

Þegar kórónaveirufaraldurinn hafði skollið á Evrópu af fullum krafti brugðust íslensku álverin við með því að framleiða hreint ál í stað sérhæfðara málmblendis, að sögn talsmanna álveranna. Minni orkukaup og afslættir á raforkuverði til stórnotenda munu draga úr tekjum Landsvirkjunar á árinu.

Afslættir til stórnotenda einir og sér námu allt að 25 prósentum og munu kosta fyrirtækið að minnsta kosti einn og hálfan milljarð á þessu ári. Orkukaup álveranna hafa að sama skapi verið minni á þessu ári en hinu síðasta, en ekki liggur fyrir hversu mikið þessi minni eftirspurn raforku mun kosta Landsvirkjun, að sögn talsmanns Landsvirkjunar.

Pantanabækur álveranna skruppu saman í mars og apríl vegna lokunar verksmiðja í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Iðnaður lagðist af um skeið

Samanlögð álnotkun bifreiðaframleiðslu og byggingariðnaðar í Evrópu er um 70 prósent af heildarnotkun áls í Evrópu, að sögn Péturs Blöndal, framkvæmdastjóra Samáls. Um nokkurra vikna skeið lagðist ýmis framleiðslu- og iðnaðarstarfsemi meira og minna af á meginlandinu með þeim afleiðingum að pantanabækur álveranna á Íslandi skruppu saman.

Mismunur söluverðs hreins áls og hinna sérhæfðari vara getur numið allt frá 10 prósentum og upp í 30 prósent, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Orkusölusamningar íslenskra raforkuframleiðenda eru hins vegar vanalega bundnir við framvirkan markað með hreint ál. Útflutningstekjur álveranna dragast því saman en Landsvirkjun tekur hluta af því tapi á sig með áðurnefndum afsláttum.

Framleiðslulínum breytt

Í álveri Alcoa á Reyðarfirði er framleiðsla hreins áls vanalega um 50 prósent allrar framleiðslu, en það hlutfall fór upp í um það bil 70 prósent þegar faraldurinn hafði gripið Evrópu heljargreipum í apríl og hefur því ekki ennþá verið snúið til baka.

„Einni framleiðslulínu sem vanalega er helguð sérhæfðari málmblöndum var skipt yfir í hreint ál. Álvíraframleiðslan hefur þó haldið áfram með óbreyttu sniði,“ segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi Alcoa. Hún bætir við að stefnt sé að því að hefja framleiðslu á melmi á ný í sumar að því gefnu að markaðir í Evrópu haldi áfram sínum hæga bata.

Engin smit meðal starfsmanna

Álverin gerðu breytingar á vaktafyrirkomulagi sínu á meðan á samkomubanni stóð og þurftu flest hver að útbúa eins konar sóttvarnalínur í kerskálum til að fylgja tilmælum stjórnvalda eftir fremsta megni. Álverunum voru veittar ýmsar undanþágur frá auglýsingum sóttvarnalæknis vegna þjóðhagslegs mikilvægis þeirra, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þó var allur gangur á því hvort þurfti að nýta þær undanþágur, enda telja kerskálar álveranna tugi þúsunda fermetra hver um sig og því töluvert svigrúm til að viðhalda tveggja metra reglunni.

Samkvæmt upplýsingafulltrúum íslensku álveranna kom ekkert smit upp meðal starfsmanna þeirra.

Pantanir ÍSAL drógust saman

„Við erum að megninu til og yfirleitt að framleiða þrýstimótsbolta úr ákveðinni málmblöndu en frá því að faraldurinn byrjaði að hafa áhrif á pantanir hafa á bilinu 25-30 prósent framleiðslunnar verið almennari vara, svokallaðir hráálskubbar,“ sagði Bjarni Már Gylfason, upplýsingafulltrúi ÍSAL, sem segir að álverið í Straumsvík hafi verið rekið á 85 prósent afköstum frá áramótum.

Bjarni nefnir að verðmunur á þeim vörum sem ÍSAL framleiðir vanalega og þeirrar sem gripið var til vegna faraldursins sé um 20 prósent miðað við núverandi markaðsverð hreins áls, en það geti þó verið breytilegt.

Áhrifin á framleiðslu Norðuráls við Grundartanga voru ekki mikil, að sögn Sólveigar Bergmann, upplýsingafulltrúa Norðuráls. Höfuðstöðvunum í Reykjavík hafi verið lokað um skeið, en þær nú verið opnaðar aftur. „Ekki hefur verið framleitt á fullum afköstum þar sem ekki náðist að semja um kaup á umframorku á samkeppnishæfum kjörum,“ segir Sólveig. **thg@frettabladid.is**

Gæðastimpill á íslenska markaðinn

Það er ákveðinn gæðastimpill á íslenska hlutabréfamarkaðinn að hann er kominn í vísitölumengi MSCI, eins stærsta vísitölufyrirtækis í heimi. Þetta segir Sveinn Þórarinsson, hlutabréfagreinandi hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Upplýst var í gær að íslenski hlutabréfamarkaðurinn yrði framvegis flokkaður sem vaxtarmarkaður (e. frontier) hjá vísitölufyrirtækinu MSCI. Ísland muni vega um fimm prósent af MSCI Frontier Market Index-vísitölunni. Í um tvö ár hafa vonir staðið til að af þessu yrði.

„Marel og Arion koma, að okkur skilst, inn í MSCI Frontier Market Index-vísitöluna,“ segir hann og nefnir að ellefu félög verði inni í MSCI Frontier Market Small Cap Index-vísitölunni.

Sveinn segir að erfitt sé að spá fyrir um hve mikið flæði muni skapast á hlutabréfamarkaðnum vegna tilkomu erlendra eignastýringarfyrirtækja sem fjárfesti með svipuðum hætti og vísitölur MSCI. Þau eignastýringarfyrirtæki sem fjárfesti í takt við vísitölur MSCI þurfi ekki að fylgja þeim nákvæmlega.

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

„Jafnvel þótt öll þessi félög séu að detta inn í vísitöluna er ómögulegt að vita nákvæmlega hversu mikið innflæði/kaup verða og í fyrstu verður líklega horft bara til Marel og Arion,“ segir Sveinn.

Arion banki hækkaði um fimm prósent í gær og Marel um 1,8 prósent. Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,2 prósent.

Sveinn segir að þau Evrópulönd sem tilheyri vaxtarmarkaði MSCI séu Króatía, Serbía, Litháen og Eistland en þar sé einnig að finna Barein, Jórdaníu og Nígeríu. Þótt löndin séu ekki oft borin saman við Ísland hafi þau eingöngu verið valin eftir stærð hlutabréfamarkaðarins, veltu og frjálsu flæði fjármagns í löndunum, ekki endilega til dæmis eftir hversu sterkur efnahagurinn er. „Það er síðan meiri velta á íslenska hlutabréfamarkaðnum en margra annarra af þessum löndum,“ segir hann. **– hvj**



ÍSLENSK HÖNNUN Í SINNI LITRÍKUSTU MYND

ANNA THORUNN

ARKITÝPA

Endurgerð á klassískri íslenskri hönnun

FORMER

IHANNA HOME

Ingólfur Örn Guðmundsson

Kormákur og Skjöldur

Ólöf Erla Bjarnadóttir

Pastelpaper

stundumstudio

Sigurjón Pálsson

ÖRN DUVALD

Opnunartímar: Fim: 10:00 – 18:00 · Fös: 10:00 – 18:00 · Lau: 11:00 – 16:00

Norðurhlíðar Klakks eru yfirleitt hvítar og leggur af tindinum langa skugga. Í fjarska sést í Skjaldbreið, Stóra Björnsfell og Þórisjökul. MYND/ÓMB

Klakkur í KR-litum

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Klakkur er afskekkt 999 metra hátt fjall í suðvestanverðum Langjökli, nánar tiltekið við enda Vestari-Hagafellsjökuls. Þetta er afar formfagur tindur og minnir á píramídana frægu í Gísa, sérstaklega þegar komið er að honum af Langjökli sem umlykur hann alls staðar nema í suður. Það eru til mörg fjöll á Íslandi sem heita Klakkur, meðal annars í botni Kollafjarðar á Ströndum, en nafnið vísar til tré- eða járnpinna sem festir voru við klyfbera á hestum. Á klyfbera var hengdur varningur ýmiss konar til flutnings en fram á 20. öld voru klyfjahestar mikilvægasta flutningstæki hérlendis uns kerrur, bifreiðar og dráttarvélar leystu þá af hólmi. Klyfberi var gerður úr tveimur fjölum sitt hvorum megin við hrygg hestsins sem festar voru með tréboga sem á voru tveir til þrír tré- eða járnpinnar og kölluðust klakkar. Af þessu er dregið orðatiltækið „að komast klakklaust yfir eitthvað“, það er, komast leiðina áfallalaust og festast ekki í klökkunum. Reyndar er auðvelt að komast klakklaust upp og niður Klakk, enda þótt fjallið sé býsna bratt og laust í sér efst. Þess vegna er skynsamlegt að klífa fjallið að vori eða snemmsumars með jöklabúnaði og nýta sér snjókafla í norðurhlíðum þess. Suðurhlíðarnar verða hins vegar snjólausar fyrr og séður frá hlið líkist Klakkur því svart-hvítum KR-ingi eða Oreo-kexköku.

Klakkur er fáfarinn tindur, enda er hann utan alfaraleiða. Snemmsumars má ganga að honum af línuvegi norðan Skjaldbreiðs, til dæmis við Þórólfsfell, og er þá gengið yfir sanda og hraun beint í suður um 15 km leið. Enn skemmtilegri leið má fara á ferðaskíðum frá skálanum Klaka við vestanverðan Langjökul, skammt frá Kaldadal, en þar er lagt í snjóbílaferðir að íshelli innar á jöklinum. Frá Klaka eru 12 km að Klakki en gengið er fram hjá Geitlandsjökli sem er eins konar útskot úr Langjökli og hækkunin lítil. Efst á Klakki býðst frábært útsýni og ber mest á nálægum Þórisjökli og Geitlandsjökli en í austur sést í Jarlhettur, Bláfell, Heklu, Tindfjalla- og Eyjafjallajökul. Í suðri blasa síðan við Högnhöfði, Hlöðufell og Skjaldbreiður en einnig sést inn í Þórisdal. Þar var löngum talið að útilegumenn héldu sig og forðuðust bændur að heimsækja dalinn til að smala.

Séður frá hlið líkist Klakkur svart-hvítum KR-ingi. Til hægri sést í Högnhöfða og stapann Hlöðufell. MYND/TG

Útsýni af tindi Klakks er stórkostlegt. Geitlandsjökull og Þórisdalur í baksýn. MYND/SIGURÐUR G. SVEINSSON

Fókus á hjarta landsins

tl.is
ERTU KLÁRÍ SLAGINN?
Arozzi
PREDATOR
SONY
PS4
ÞÚ FÆRÐ ALVÖRU LEIKJABÚNAÐ HJÁ OKKUR
steelseries
CORSAIR
elgato
RAZER
ASUS
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Fýlupokar

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þrátt fyrir ýmiss konar takmarkanir og höft vegna hinnar mjög svo þreytandi pestar COVID-19 var hátíðarblær í höfuðborginni á 17. júní. Fólk fór prúðbúið í miðbæinn, gekk um götur eða fór á kaffihús og sat úti í góða veðrinu. Það virtist liggja vel á öllum, eins og er við hæfi á þjóðarhátíðardag.

Fýlupokar þessa lands eru þó margir, eins og alkunna er, og ætíð má treysta því að þeir haldi vöku sinni. Í Reykjavík bærðu þeir á sér á 17. júní. Á Laugavegi blöstu við geðgóðum borgurum verslunargluggar sem á voru límdir svartir ruslapokar með áletrunum eins og: „Lokuð gata. Engin verslun?“ og „Er þetta framtíðin? Er það þetta sem við viljum?“

Þarna voru allnokkrir rekstraraðilar enn einu sinni að mótmæla götulokunum, sem þeir telja stefna verslun í miðbænum í voða og hrekja viðskiptavini frá verslunum. Það var afar sérkennilegt að sjá þessi skilaboð á degi þegar bærinn var sneisafullur af fólki sem var svo sannarlega sælt og ánægt að spóka sig um í miðbænum, laust undan oki bílaumferðar.

Ekki ýkja löngu áður en svörtu plastpokarnir voru áberandi í verslunargluggum á Laugavegi höfðu tólf konur sem stunda atvinnurekstur í miðbænum skrifað bréf í málgagn íhaldsmanna, sem sagt Morgunblaðið, og kvartað hástöfum undan ofríki meirihluta borgarstjórnar sem hlynntur er göngugötum. Í þessu bréfi mynda konurnar háværan grátkór og tala eins og borgarstjórn sé í sérstökum hefndarleiðangri gegn þeim og bílaeigendum.

Borgarstjórn Reykjavíkur er örugglega að mörgu leyti frumleg og hugmyndarík en hún er hvorki framúrstefnuleg né djörf í áherslum sínum á göngugötur í miðbæ höfuðborgarinnar. Hún er einfaldlega með sömu áherslur í þeim málum og tíðkast í flestum stórborgum. Þessi áhersla byggist á því að skapa aðlaðandi miðbæ og halda þungri umferð fjarri honum. Konurnar tólf hljóta að vera svo heppnar að hafa farið til útlanda seinustu ár og ættu að vita af þessum áherslum, eins og aðrir rekstraraðilar miðbæjarins. En í stað þess að sjá kostina við þessar áherslur er einblínt á fortíðina með miklum söknuði og trega.

Einu sinni, í gamla daga í fámenninu, var hægt að rúnta um miðbæinn að vild og leggja nákvæmlega fyrir framan búðina sem maður ætlaði í. Sá tími er liðinn og kemur ekki aftur. Það ætti ekki að vera erfitt fyrir fólk að sætta sig við það. Nóg er af bílastæðum í miðbænum og þar er auðvelt að leggja. Miðbærinn er ekki stór og það tekur ekki langan tíma að þræða hann fótgangandi. Það er meira að segja ansi skemmtilegt.

Leiðinlegt er til þess að vita að margir rekstraraðilar í miðbænum skuli ekki átta sig á skemmtuninni sem felst í því að spássera um miðbæinn. Þótt sýn þeirra rúmi ekki miðbæ án bílaumferðar þá eru blessunarlega aðrir rekstaraðilar fullkomlega sáttir við hlutskipti sitt, í miðbæ sem er aðlaðandi og skemmtilegur vegna þess að þar er gert ráð fyrir fólki en ekki bílum. Þannig á miðbær borgar að vera.

Þessi áhersla byggist á því að skapa aðlaðandi miðbæ og halda þungri umferð fjarri honum.

Halldór

Frá degi til dags

Náðist ekki á mynd

Forsetakosningarnar eru ekki beinlínis að kveikja í þjóðinni. Frambjóðendurnir eru búnir að koma á framfæri sínum skilaboðum. Skemmtunin á lokametrunum er að fylgjast með kenningum gallhörðustu stuðningsmannanna. Vilja einhverjir meina að forsetinn sé sá eini sem geti stöðvað landasölu, væntanlega með því að lækka áfengisgjaldið. Þá eigi forsetinn að passa skipun dómara, líklega með því að vísa þeim aftur í hérað. Besta kenningin er hins vegar að sitjandi forseti, hamstola af rétttrúnaði, hafi klifrað upp á þak Bessastaðakirkju og sparkað krossinum út í móa í nafni Allah. Það náðist því miður ekki á mynd.

Eldhúsdagur

Það er vel til fundið hjá Alþingi að nefna reglulega málfundaræfingu sína eldhúsdagsumræður. Ein slík fór fram í fyrrakvöld. Á Vísindavefnum er heitið skýrt þannig að það að taka sér eldhúsdag merki að fara yfir það sem gera þarf eða lent hefur út undan. Sé miðað við það sem fram fór í fyrrakvöld þar sem þrautleiðinlegar ræður voru lesnar upp næstum tilþrifalaust, eru eldhúsdagsumræður skilaboð um að þá ættu allir að vera í eldhúsinu og gera eitthvað allt annað en að horfa á Alþingi. Takk fyrir ekkert.

arib@frettabladid.is

Hér á ég heima

Kolbrún Baldursdóttir
borgarfulltrúi Flokks fólksins

Skylda samfélagsins er að sjá til þess að allir hafi þak yfir höfuð sitt, stað sem þeir geta kallað heimili sitt.

Smáhýsi fyrir heimilislausa í Reykjavík hafa verið til umræðu um skeið. Markmið með smáhýsum er að veita einstaklingum og pörum með fjölþættan vanda öruggt húsnæði. Erfitt hefur reynst að finna smáhýsunum stað. Mikilvægt er að þau séu nálægt allri helstu þjónustu og almenningssamgöngum.

Ég er fulltrúi flokks, Flokks fólksins, sem berst fyrir mannréttindum og jafnrétti viðkvæmustu hópa okkar samfélags. Ein af aðaláherslum Flokks fólksins frá upphafi er að berjast fyrir því að allir hafi öruggt húsaskjól. Að eiga þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum fólks.

Það hafa ekki allir verið sáttir við að fá smáhýsin í nærumhverfið. Þeir sem hafa mótmælt því óttast þann hóp sem þarna muni búa. Hlusta ber á allar raddir, líka þeirra sem mótmæla. Vel kann að vera að almennt þurfi að auka þekkingu á málefnum heimilislausra á Íslandi og veita betri innsýn. Stundum nægja upplýsingar og fræðsla um málaflokkinn til að róa þá sem bera kvíðboga fyrir að fá þetta nýja búsetuúrræði í hverfið sitt.

Fyrir einhverja sem fá úthlutað smáhýsi er það ef til vill fyrsta heimilið þeirra í langan tíma, staður sem þeir geta dvalið á í stað þess að vera stöðugt á ferðinni. Heimili er ekki einungis skjól fyrir kulda og vosbúð. Tengslin við heimilið eru ekki síður háð því að viðkomandi finni að hann er velkominn á staðinn og í hverfið.

Það getur komið fyrir alla að vera heimilislausir. Ástæður þess að fólk verður heimilislaust til langs tíma eru oftast margþættar. Skylda samfélagsins er að sjá til þess að allir hafi þak yfir höfuð sitt, stað sem þeir geta kallað heimili sitt. Að búa í samfélagi kallar á samtryggingu. Þrátt fyrir þennan samfélagssáttmála okkar Íslendinga hefur grunnþjónustu oft verið ábótavant í borginni. Ennþá, þrátt fyrir mörg góðærin, eru langir biðlistar í helstu þjónustu og einnig eftir félagslegu húsnæði. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar þessu nýja búsetuúrræði og væntir þess að verðandi íbúar geti upplifað það sem heimili sitt, stað þar sem þeir geti fundið öryggi, frið og hvíld.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Þorvaldur eflir Bjarna en veikir Katrínu

Þorsteinn Pálsson

Í pólitík er traust stundum afstætt. Sá sem ábyrgð ber á stjórnarathöfn getur þannig aukið álit sitt í einum hópi en rýrt það í öðrum. Flestar athafnir Trumps Bandaríkjaforseta eru til að mynda þessu marki brenndar.

Fróðlegt er að skoða deiluna, sem staðið hefur um ráðningu ritstjóra Nordic Economic Policy Review, í þessu ljósi. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hafnaði tillögu um ráðningu Þorvaldar Gylfasonar prófessors til starfsins.

Forsendur ákvarðana

Allar ákvarðanir ráðherra þurfa að uppfylla tvö skilyrði. Annars vegar þarf heimildin til þess að taka ákvörðun að hafa stoð í lögum. Hins vegar þarf ákvörðunin sjálf að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum.

Deilan um það hvort ákvörðun ráðherra rímar við þessar grundvallar forsendur er áhugaverð. Hitt er þó ekki síður vert að skoða, hvernig þetta mál virðist hafa mismunandi pólitísk áhrif í baklöndum forsætisráðherra og fjármálaráðherra.

Logi Einarsson formaður Samfylkingarinnar tók málið upp á Alþingi. Hann beindi spurningum sínum réttilega til Katrínar Jakobsdóttur. Forsætisráðherra á að svara fyrir einstakar athafnir ráðherra ef áhorfsmál þykir vera hvort þær eru innan valdmarka, byggja á málefnalegum forsendum eða standast siðareglur.

Tilfinningin er sú að forsætisráðherra hafi fölskvalaust ætlað að skjóta skildi fyrir fjármálaráðherra.

Fölskvalaus vörn

Athyglisvert er að í vörn sinni staðhæfði forsætisráðherra aðeins að

ákvörðunin byggði á lögmætum heimildum. Hún vék sér hins vegar hjá því að leggja mat á málefnalegar forsendur hennar og samræmi við siðareglur.

Á því getur verið fleiri en ein skýring. Hugsanlega hafði hún efasemdir um þau atriði og vildi láta fjármálaráðherra standa einan á köldum klaka með þann hluta varnarinnar. En hún gæti líka hafa talið málefnalegu rökin hafin yfir allan vafa þannig að ekki þyrfti að eyða púðri í þau í knöppum ræðutíma.

Tilfinningin er sú að forsætisráðherra hafi fölskvalaust ætlað að skjóta skildi fyrir fjármálaráðherra.

Málefnaleg rök óumdeild

Málefnalegu rökin fyrir því að hafna Þorvaldi Gylfasyni eru pólitísk athafnasemi hans og andstaða við stjórnarflokkana. Þó að rökin hafi valdið deilum á Alþingi eru þau nokkuð óumdeild í baklandi þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Þar hefur verið vaxandi fylgi við þá kröfu að auka áhrif stjórnmála og draga úr áhrifum sérfræðinga í stjórnsýslu til að mynda við mat á málefnalegum rökum fyrir ákvörðunum. Fyrir því eru meðal annars færð þau rök að stjórnmálamenn séu lýðræðislega kjörnir en embættismenn ekki. Þetta styrki því lýðræðið.

Sums staðar í Evrópu ganga menn reyndar miklu lengra í þessum efnum eins og í stjórnarflokknum Lögum og rétti í Póllandi. Sjálfstæðisflokkurinn á aðild að sama evrópska flokkabandalagi og Lög og réttur, eftir að hann hætti fyrir nokkrum árum að eiga samleið með hófsömum hægri flokkum eins og Kristilegum demókrötum í Þýskalandi.

Hér heima höfðar Sjálfstæðisflokkurinn helst til kjósenda Miðflokksins í baráttunni um jaðaratkvæði lengst til hægri. Þar eru sjónarmið af þessu tagi mjög hávær.

Flest bendir því til þess að þetta mál hafi styrkt stöðu Bjarna Benediktssonar inn á við og gagnvart kviklyndu fylgi Miðflokksins.

Málefnaleg rök umdeild

VG hefur aftur á móti staðið fyrir viðhorf, sem eru nær miðjunni í þessum efnum. Þau byggja á því að meirihlutavald stjórnmálamanna þurfi að tempra til að styrkja lýðræðið og verja einstaklingsfrelsið.

Einn þáttur valdtemprunar felst í því að embættismenn og sérfræðingar leggi ráðgefandi mat á lögmæti stjórnarathafna og hvort þær uppfylli málefnalegar forsendur.

Tilvísun í pólitíska afstöðu þarf ekki að vera ómálefnaleg, en stjórnmálamenn eru frjálsari að því en sérfræðingar og embættismenn að beita slíkum rökum eftir því sem henta þykir eða að geðþótta.

Þarna hefur VG einfaldlega aðra ímynd en Sjálfstæðisflokkurinn. Málefnaleg rök fjármálaráðherra eru þar af leiðandi umdeild í baklandi forsætisráðherra og á þeim miðum, sem vænlegust eru til fylgisaukningar fyrir VG .

Málið gengur því á trúverðugleikainnistæðu Katrínar Jakobsdóttur í eigin röðum og gagnvart miðju stjórnmálanna.

KLETTAGARÐAR 6

Glæsilegt vöruhús til leigu

Húsið er 2.819,9 fm stálgrindarhús, byggt árið 2005 og hannað sem vöruhús með skrifstofuaðstöðu.

Allur frágangur hússins er til fyrirmyndar.

Lóðin er malbikuð, upphituð og afgirt.

Vöruhúsið er með þremur rafdrifnum, stórum innkeyrsludyrum og er með um 10,7-12,7 m. lofthæð að stórum hluta, en hluti lagerrýmisins er með millilofti.

- Góð og vel byggð fasteign
- Staðsetningin er mjög góð og eftirsótt við athafnasvæði skipafélaganna við Sundahöfn
- Lóðin er stór og afgirt, og býður upp á stórt útisvæði fyrir gáma
- Vönduð brettarekka- og hilllukerfi eru í húsinu

Nánari upplýsingar · modelhus@modelhus.is · 8681599

MÓDELHÚS

KSÍ endurnýjaði leyfi Egilshallar án vottunar á skraufþurru gervigrasinu

Enn ein alvarlegu meiðslin áttu sér stað á gervigrasinu í Egilshöll, þegar Gunnar Þór Gunnarsson sleit líklega krossband. Kjöraðstæður fyrir gervigras er blautt gervigras, en engin leið er að vökva grasið í höllinni. Á síðasta stjórnarfundi KSÍ fékk HK 600 þúsund króna styrk til að setja slíkt kerfi upp í Kórnum. KSÍ veitti Egilshöll vallarleyfi til 2021, þó að það vanti vottun á gervigrasinu.

FÓTBOLTI Gervigrasið í Egilshöll er fjögurra ára gamalt og er mikið notað frá morgni til kvölds. KSÍ endurnýjaði vallarleyfið á höllinni í mars til ársins 2021, þó að það vanti vottun á grasinu. KR-ingurinn Gunnar Þór Gunnarsson sleit líklega krossband í bikarleiknum gegn Vængjum Júpíters og er þriðji KR-ingurinn sem slasast alvarlega í höllinni. Emil Ásmundsson sleit krossband og Hjalti Sigurðsson viðbeinsbrotnaði. KR-ingar íhuga að leita réttar síns, eins og kemur fram hér fyrir neðan.

Þegar Fréttablaðið fjallaði um grasið í lok janúar, vegna leiks Víkings og KR, sagði Reginn hf., umsjónaraðili hússins, í yfirlýsingu að grasið væri prófað og uppfyllti allar kröfur FIFA Quality staðalsins. Viðhald væri reglulegt og eftir ýtrustu fyrirmælum framleiðanda.

„Því fer fjarri að gervigrasið sé úr sér gengið, þrátt fyrir talsverða notkun," sagði í yfirlýsingu Regins þá. Flest allt í þessari yfirlýsingu var hrakið. Heimildarmaður fótbolta.net fullyrti meðal annars að viðhald vallarins væri alls ekki eins og best verður á kosið. Þeir leikmenn í efstu deildum sem Fréttablaðið sló á þráðinn til, sögðu grasið vera skelfilegt. Ein úr efstu deild kvenna sagði það viðbjóð að spila þarna.

Afrekið hefur sloppið

Sveinn Þorgeirsson, verkefnisstjóri afreksíþróttabrautar í Borgarholtsskóla, segir að engin alvarleg meiðsl hafi orðið á æfingum brautarinnar.

Hefði viljað annan endi á ferilinn

Gunnar Þór Gunnarsson, varnarmaður KR-liðins, meiddist á hné í bikarleik Vesturbæinga gegn Vængjum Júpíters í Egilshöllinni á þriðjudagskvöldið. Óttast er að hann sé með slitið krossband. Í upphafi þessa árs sleit Emil Ásmundsson, annar leikmaður KR, krossband í leik þar og Hjalti Sigurðsson viðbeinsbrotnaði.

„Það liggur ekki fyrir hversu alvarleg meiðslin eru. Vissulega lítur þetta ekki vel út en ég verð bara að vona það besta," segir Gunnar Þór um meiðslin í samtali við Fréttablaðið.

„Ef meiðslin eru alvarleg mun ég skoða stöðuna. Ég myndi helst kjósa að enda þetta allt saman á annan hátt en inni á ónýtu gervigrasi í Egilshöll. Það þarf hins vegar bara að koma í ljós," segir Gunnar Þór.

En mikill munur sé á æfingum og keppni. Bjarni Jóhannsson, einn reynslumesti þjálfari landsins, hefur verið að kenna við afreksíþróttabrautina lengi og verið á grasinu í fjölda ára.

Hann segir að hann geti ekki kvartað undan aðstæðum, en hann noti grasið fyrir æfingar, ekki keppni. „Ég skil alveg um hvað málið snýst, en KR-ingar geta ekki undirbúið sig undir þessar aðstæður því auðvitað vantar bleytu þarna." Bjarni er harðorður um undanþáguna sem gervigrasvellir hér á landi séu oft á frá KSÍ. „Það verður að vera miklu grimmari umræða fyrir leikmennina sjálfa, heldur en hvar áhorfendur eiga að gera þarfir sínar.

Ég fullyrði það að þessi endalausa undanþágueftirgjöf hefur seinkað uppbyggingu mannvirkja á Íslandi um tugi ára. Sérstaklega á landsbyggðinni. Bæjarstjórnir, sem yfirleitt eru rekstraraðilar þessara mannvirkja, fela sig á bak við þetta."

Kórinn, knattspyrnuhöllin í Kópavogi, fékk 600 þúsund króna styrk úr mannvirkjanefnd KSÍ á síðasta stjórnarfundi sambandsins, til að koma fyrir vökvunarbúnaði. Þess má geta að Reginn hagnaðist um 4,4 milljarða króna á síðasta ári.

benediktboas@frettabladid.is

Ferli Gunnars Þórs Gunnarssonar gæti hafa lokið í Egilshöll. Hann er 35 ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

KR-ingar kanna réttarstöðu sína

Knattspyrnudeild KR er með það til skoðunar að sækja bætur í hendur fasteignafélagsins Regins, vegna þess tjóns sem félagið hefur orðið fyrir vegna meiðsla tveggja leikmanna sinna.

„Við erum að skoða það hvort það sé grundvöllur fyrir bótarétti, og þá að sækja bætur í hendur Regins. Við teljum að við, og okkar leikmenn, höfum orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna vanrækslu fasteignafélagsins," segir Páll Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar KR, í samtali við Fréttablaðið.

„Að okkar mati hefur Reginn vanrækt þá skyldu sína að sjá til þess að viðhald sé með þeim hætti að gervigrasið í Egilshöll uppfylli þau skilyrði að völlurinn sé hættulaus leikmönnum. Af þeim sökum hafi mögulega myndast réttur til skaðabóta. Málið er í vinnslu innan okkar raða," segir Páll enn fremur.

> **Ég fullyrði það að þessi endalausa undanþágueftirgjöf hefur seinkað uppbyggingu mannvirkja á Íslandi um tugi ára. Sérstaklega á landsbyggðinni.**
>
> Bjarni Jóhannsson

GERPLA

Aðalfundur Gerplu

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn fimmtudaginn 25.júní klukkan 18:00 að Versölum 3, 2.hæð.

-Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Það eru allir velkomnir og við vonumst til að sjá sem flesta!

FÓLK
Tíska
FIMMTUDAGUR 25. JÚNÍ 2020

Andri Unnarsson er upprennandi hönnuður með spennandi hugmyndir um tískuiðnaðinn. MYND/ANÍTA ELDJÁRN

Tískubransinn verður að taka afstöðu

Andri Unnarsson er eftirtektarverður fatahönnuður sem hefur starfað í tískunni um árabil hér heima með tónlistarfólki eins og Reykjavíkurdætrum og Hatara. Hann segir rasisma klárlega vera til staðar innan bransans. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

„Faraldurinn er tækifæri fyrir bransann til að hætta þessum hégóma.“ MYND/ ANÍTA ELDJÁRN

Andri vill feta nýjar slóðir og búa til föt sem fagna lífinu.

Tískan varð snemma tjáningarmáti fyrir ungan og vandræðalegan Andra.

Framhald af forsíðu

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Andri er á fyrsta ári í meistaranámi í fatahönnun í KADK í Danmörku og segir námið vera algera neglu. „Ég hef aldrei haft jafngreiðan aðgang að alls konar tækjum og tólum eins og nú. Til dæmis var ég að sauma með hljóðbylgjum á seinustu önn. Námið sjálft er mjög frjálslegt og það er í raun undir manni sjálfum komið hvað maður fær út úr því. En það er mikil áhersla lögð á að dýpka sköpunarbrunninn. Svo kostar hann ekki neitt þar sem Danir eru óhræddir við að ríkisstyrkja skapandi greinar, sem er ákveðinn bónus,“ segir Andri.

Hönnunargeirinn fór í kleinu

Í kjölfar COVID-19 fór tískubransinn í algera kleinu, að sögn Andra. „Það verða fáir tískuviðburðir í sumar og haust og mörg tískuhús hafa þurft að segja upp starfsfólki. Faraldurinn er einstakt tækifæri fyrir tískubransann til að hætta þessum hégóma sem hann er svo þekktur fyrir og hægja á sér, því kerfið er löngu sprungið. Örfáir lykilaðilar eins og til dæmis Gucci ætla sér að nýta aðstæður og segja skilið við gamlar hefðir. En allt of fáir virðast ætla að feta í þau fótspor. Mér skilst á öllu að fjöldaframleiðsla haldi sínu striki en fyrirtæki eins og H&M og Zara hafa ekkert tjáð sig um að draga úr mengun. Ég veit að Dries Van Noten er í forsprakki fyrir hóp

> Núna er tíminn runninn upp til að krefjast þess að fyrirtækin sem við lítum upp til, taki afstöðu gegn fordómum.

af frægum merkjum sem skora á iðnaðinn að endurmóta kerfið. Vonandi tekst þeim það, plánetunnar okkar vegna.“

Einnig vill Andri leggja áherslu á ábyrgð tískubransans þegar kemur að ýmsum samfélagsmeinum eins og rasisma. „Black. Lives. Matter! Kerfisbundnir kynþáttafordómar eru klárlega til staðar hjá okkur á Norðurlöndunum og núna er tíminn runninn upp til að krefjast þess að fyrirtækin sem við lítum upp til, taki afstöðu gegn fordómum. Tískubransinn hefur verið alltof hlédrægur í því að veita málefninu stuðning af því að merkin eru svo hrædd við að missa viðskipti við hvítan forréttindahóp. Tíska mótar umhverfi okkar og efnahag og rasismi á að vera ólíðandi innan hennar.“

Tengdi ungur við tjáningu með notkun klæðaburðar

Andri segist eiga það til að vera fastur í hausnum á sér og vera vandræðalegur við annað fólk. Því tengdi hann snemma á ævinni við tjáningu með klæðaburði. „Því þá þarf ég ekki að tala. Þegar ég ákvað að ég vildi fara skapandi leið í lífinu voru tíska og hönnun það sem kallaði fyrst og hæst.“



Hönnunarstíll Andra er ögrandi og draumórakenndur.

Heimur án tísku og hönnunar væri grár og leiðinlegur að mati Andra.

Ferillinn byrjaði hjá Andra þegar hann keypti sér skissubók og liti til þess að búa til möppu fyrir umsókn í LHÍ. „Eins og fyrir eitthvert kraftaverk komst ég inn og lauk þar námi í fatahönnun vorið 2015. Eftir að hafa verið í Berlín í tvö ár, þar sem ég vann meðal annars sem nemi fyrir serbneska hönnuðinn Sadak, flutti ég aftur heim og fór að vinna sjálfstætt af fullum krafti. Ég leiddist út í bæði stílistann og búningahönnun en mesta púðrið setti ég í samstarf við tónlistar- og sviðslistafólk. Það var algjör draumur að fá að taka þátt í hugarfóstri þeirra en sem dæmi má nefna Auður, Reykjavíkurdætur og Vök.“

Andri Unnarson var meðal annars hluti af teyminu sem fór út með Hatara-atriðinu til Tel Avív fyrir hönd Íslands í Eurovision. „Ég og Karen Briem búningahönnuður sáum alfarið um útlit hópsins, í nánu samstarfi við þau sjálf að sjálfsögðu. Í því fólst bæði búninga- og fatahönnun ásamt stílisering. Okkar hlutverk var að túlka heim Hatara sjónrænt yfir í klæðaburð til að undirstrika enn fremur hvað þetta atriði stendur fyrir.“

Vill fagna lífinu í hönnuninni

Hönnunarstíll Andra er ögrandi og draumórakenndur. „Það er nóg til af venjulegum fötum í heiminum. Mér finnst skemmtilegra að skoða hvernig ég get fetað nýjar slóðir og búið til föt sem fagna lífinu. Stundum geri ég eitthvað klæðilegt en oftar leiðist ég út í draumóra. Ég hef alltaf verið heillaður af bransanum og heimur án hönnunar og tísku væri grár og leiðinlegur. Ég er líka algjör alæta á innblástur, sem getur verið ákveðin tegund af fötum, annað fólk eða mínar eigin tilfinningar. Ef viðfangsefnið vekur upp fleiri spurningar en ég get svarað er ég með eitthvað gott í höndunum. Þessa dagana er ég að skoða umhverfisvænar leiðir til að búa til og hanna föt. Oft var þörf en nú er þetta alger nauðsyn.“

Að sögn Andra skapast mikil tækifæri og tengslanet við það að mennta sig á stað þar sem iðnaðurinn er meira lifandi en á Íslandi. „Þótt senan sé lítil í Danmörku eru Danir miklar skrautfjaðrir og margir hönnuðir hér að gera frábæra hluti. Alþjóðamarkaðurinn horfir sífellt meira til Kaupmannahafnar og tækifærin fyrir umhverfisvæna hönnun eru klárlega hér.“

Nýlega var Andra boðið að sýna verk á Cyber Fashion Week sem haldin var á Instagram. „Þetta er eins konar rafrænt sýningarrými þar sem er til sýnis myndaþáttur sem ég vann með Inga Kristjáni, grafískum hönnuði.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

NÝ
SENDING
www.hjahrafnhildi.is

NeroGiardini
MADE IN ITALY

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Sabrina Persechino er ítalskur hönnuður sem kemur sífellt á óvart.

Fagurfræði arkitektsins í kvöldkjólum

Sabrina Persechino er ítalskur tískuhönnuður sem vakið hefur mikla athygli fyrir ástríðu sína á fatahönnun. Sabrina er listamaður í fagurlega skreyttum fatnaði sem vekur athygli.

Nafn hennar er kannski ekki heimsþekkt en er vel þekkt meðal þeirra sem standa tískuheiminum nálægt. Hún hefur sýnt hönnun sína víða um heim þótt sá heimur hafi í raun lagst af í COVID-heimsfaraldrinum. Sabrina er arkitekt að mennt og sagt er að sjá megi í listsköpun hennar áhrif frá gömlu Rómarborg en hún er fædd og uppalin í borginni.

Sabrina var síðast með sýningu í febrúar þar sem hún kynnti vor- og sumartískuna 2020 á tískuviku í Róm í janúar. Hún fékk mjög góð viðbrögð hjá tískuáhugafólki sem mætti á sýninguna. Sabrina þykir sína mikinn karakter í hönnun sinni, sál og fegurð. Kvöldkjólarnir bera yfirbragð fágunar og stílhreinna lína eins og sjá má á þessum myndum.

Látlaus kjóll en samt svo kvenlegur og fallegur. MYNDIR/GETTY

Sabrina notar skart til að skreyta kjólana og setja skemmtilegan svip.

Óvenjuleg flík en í stíl arkitektsins.

Glæsilegt dress eftir Sabrinu sem sýnir vel þann fágaða stíl sem einkennir hönnun hennar.

Stuttbuxur með fallegu síðu vesti yfir sem er skreytt fallegu skarti.

Sumir vilja sjá beina tengingu við fornu Róm í hönnun Sabrinu.

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Unaðsvörur

FIMMTUDAGUR 25. JÚNÍ 2020

Kynningar: Scarlet.is, Kinky.is



MYND/GETTY

Scarlet.is fagnar 1 árs afmæli

Netverslunin scarlet.is fagnar eins árs afmæli um þessar mundir með ýmsum frábærum tilboðum á margvíslegum unaðsvörum og undirfatnaði. Verslunin hefur fengið frábærar viðtökur.

Elín Björg stofnaði netverslunina scarlet.is ásamt eiginmanni og dóttur. Ástæða þess var sú að vinur þeirra óskaði eftir söluaðilum fyrir hágæða unaðsvörur frá Cosmopolitan á Íslandi. „Scarlet.is er eingöngu á netinu og á þegar marga fasta viðskiptavini," segir Elín Björg. „Cosmopolitan býður einungis vandaðar unaðsvörur en fyrirtækið er það sama og gefur út samnefnt tímarit. Cosmopolitan vill ekki kenna sig við neitt nema hágæða vöru," segir hún. „Við höfum tekið inn fleiri þekkt merki á þessu sviði eins og Satisfyer, Je Joue, Bodywand, System JO, Obsessive undirfatnað ásamt fleiru. Við leggjum áherslu á gæðavörur á góðu verði. Frá fyrsta degi hefur eftirspurnin verið mikil. Við höfum notað Facebook og Instagram til að kynna okkur með góðum árangri."

Þegar Elín Björg er spurð hvort fólk sé ekkert feimið við að panta unaðsvörur, svarar hún að svo sé ekki. „Þeir tímar eru liðnir að þetta sé feimnismál. Meira að segja fólki á áttræðisaldri finnst þetta spennandi vörur. Fólk á þrítugs- og fertugsaldri er mjög opið fyrir unaðsvörum og ófeimið að ræða um þær. Við höfum meira að segja fengið hugmyndir frá þeim yngri um hvað væri sniðugt að koma með á markað. Fólk er alltaf að bæta einhverju nýju í körfuna hjá sér. Sogtækin hafa verið mjög vinsæl hjá konum en sleipiefni og múffur hjá herrunum. Svo er ýmislegt spennandi í boði fyrir pör. Grindarbotnskúlur hafa verið vinsælar hjá konum á öllum aldri. Að þjálfa grindarbotnsvöðva er mikilvægt eftir til dæmis barnsburð. Vel þjálfaður grindarbotn getur komið í veg fyrir þvagleka og hjálpað til að fá öflugri fullnægingar. Þetta getur breytt lífi margra kvenna sem hafa átt erfitt með að fá fullnægingu. Fullnæging eykur slökun og styrkir ónæmiskerfið," segir Elín. „Úrvalið af unaðsvörum hefur aukist mikið á síðustu árum og gæðin batnað mjög mikið. Áður voru tækin gerð fyrir rafhlöður. Núna eru þau endurhlaðanleg."

Kynningar á unaðsvörum í heimahúsum og á konukvöldum hafa verið gríðarlega vinsælar um allt land. Elín Björg segir að það sé oft mikið fjör á slíkum kvöldum og góð stemning. „Það eru gæsapartí eða saumaklúbbar sem fá okkur til að kynna vörurnar og það hefur verið mjög skemmtilegt. Alls kyns félagasamtök hafa einnig haft samband og óskað eftir kynningum. Konurnar skemmta sér konunglega þegar þær spá í vörurnar. Flestir eru opnir fyrir umræðu um unaðsvörur. Ég bjó í mörg ár í Svíþjóð og Svíar eru ekki svona opnir," segir Elín.

Múffa fyrir herra og sogtæki sem eru vinsæl hjá konum.

Scarlet.is býður fjölbreytt úrval hágæða unaðstækja frá Cosmopolitan.

Scarlet.is býður upp á glæsilegt úrval af undirfatnaði.

Scarlet.is er með gjafaleik í tilefni afmælisins ásamt tilboðum. Scarlet er á Instagram og Facebook. Nánar má skoða vörur og tilboð á scarlet.is

Fornfrægir frygðaraukar

Frygðaraukar hafa fylgt mannkyninu frá því í árdaga, en um er að ræða efni sem auka kynlöngun eða unað.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Til eru heimildir um notkun frygðarauka og stinningarlyfja í ritum fornra menningarheima Kína, Indlands, Egyptalands, Rómar og Grikklands. Stinningarvandamál gátu gert sumum karlmönnum erfitt fyrir að geta börn og því var leitað á náðir ýmissa matartegunda og jurta til þess að ráða bót á vandanum.

Þar má nefna ljóð úr ævafornum hindúískum ritum sem bera vitni um frammistöðuaukandi innihaldsefni og notkunarleiðbeiningar. Einnig eru til heimildir um frygðarauka í kínverskum ritum frá um 2500 fyrir Krist. Fornar rómverskar og grískar heimildir vitna um kynaukandi efni í kynfærum dýra og egypsk rit geyma leiðir til að meðhöndla stinningarvandamál.

Misskilningur

Flestar af þeim fáu rannsóknum, sem hafa verið gerðar á frygðaraukandi áhrifum matartegunda, benda til þess að kynaukandi verkan stafi helst af lyfleysuáhrifum. Margar matartegundir sem hafa verið taldar kynæsandi eru það ekki í eðli sínu, heldur minna einfaldlega sjónrænt á kynfæri karla og kvenna, þar á meðal eru gulrætur, bananar og ostrur. Einnig er algengur misskilningur að neysla á kynfærum dýra sé frygðaraukandi. Þar má nefna nautareðursúpu (e. cow cod soup) frá Jamaíku. Ballut er einnig vinsæll kynauki á Filippseyjum en um er að ræða frjóvgað eða stropað egg með tveggja til þriggja vikna kjúklingafóstri. Sagan um það hvernig gríska ástargyðjan Afródíta varð til úr froðu hafsins hefur að sama skapi orsakað misskilning um að sjávarréttir séu í eðli sínu kynaukandi.

Sjúklegir sæhestar

Í hefðbundnum kínverskum læknavísindum er hefð fyrir því að nota þurrkaða sæhesta gegn ýmsum kvillum svo sem astma, húðsýkingum og getuleysi. Þá eru þeir notaðir sem náttúrulegt stinningarlyf, en engar vísindalegar rannsóknir styðja þessa virkni þurrkaðra sæhesta. Alheimsmarkaðurinn verslar með yfir 20 milljón

Frygðaraukandi virkni ostra er víst helst bundin við það hversu þær minna mikið á kvensköp.

Bann hefur verið lagt við kaupum og sölu á þurrkuðum sæhestum.

þurrkaða sæhesta á ári sem seldir eru frá Taílandi og Filippseyjum til Hong Kong og Taívan í Kína. Við strendur Filippseyja hefur sæhestum fækkað um 70 prósent síðustu tíu ár. Bann hefur verið lagt við sölu og kaup á sæhestum en það hefur lítil sem engin áhrif á markaðinn og sæhestum fækkar enn frekar.

Karllægur markaður

Notkun frygðarlyfja gagnast hvort tveggja körlum sem konum en í dag beinast rannsóknir og framleiðsla á kynaukandi efnum helst að karlkyninu. Þetta tengist mjög sögu frygðaraukandi efna sem hefur ætíð einblínt á karlkynið. Þá stafar rannsóknarbilið einnig af menningarlegu samhengi þess hvað teljist vera eðlileg kynhegðun kvenna.

Finndu frygðina í eldhúsinu

Þrátt fyrir að til séu margar rangar mýtur um frygðaraukandi áhrif jurta og matar, þá sýna rannsóknir eftir sem áður fram á að kynaukandi efni finnast vissulega í matvælum. Sum þeirra eru jafnvel til í eldhússkápnum heima hjá þér.

Saffran er verðmætt krydd sem ræktað er í Íran, Grikklandi og á Indlandi. Ásamt því að vera notað í matargerð var kryddið einnig notað í fornum læknavísindum sem frygðarauki. Tilraunir á rottum hafa sýnt fram á að saffran hafi hvetjandi áhrif á það hversu oft þær eðla sig.

Notkun á múskati gegn ýmsum kynlegum kvillum er algeng í Unani, sem eru hefðbundin persnesk-arabísk læknavísindi og eru víða stunduð í Indlandi. Rannsóknir benda þá til að múskat auki kynlöngun í músum.

Maca-rótin vex í 4.000-4.500 metra hæð í Andesfjöllunum og hefur lengi verið notuð á því svæði sem bæði frygðarauki og frjósemislyf. Tólf vikna tilraun sýndi fram á aukna kynlöngun í körlum eftir átta vikna notkun. Tilraunin var framkvæmd á tveimur hópum, þar sem sumum var gefið mismikið af maca-dufti og öðrum var gefin lyfleysa.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

HEIMKAUP.IS

Úrvalið er á Heimkaup.is

Gerðu gott unaðslegt

Falleg, skemmtileg, alls konar. Þú færð það sem þú vilt með LELO. Sendum þér samdægurs heim að dyrum ... og við pössum að enginn sjái hvað er í pakkanum.

Titrarar

Egg

Sogtæki

Sleipiefni

Við erum öll pínulítið kinky

Gæluverkefni Fríðar í Kinky.is hefur sprungið í höndum hennar. Undurfögur undirföt í öllum stærðum, sogtæki, byrjendasett fyrir BDSM og endaþarmsvörur rjúka út eins og heitar lummur.

Að vera „kinky“ þýðir í raun bara að stunda eða taka þátt í óhefðbundnu kynlífi og það sem einum finnst óhefðbundið getur verið fullkomlega eðlilegt fyrir þann næsta. Því segi ég alltaf að við séum öll pínu kinky, bara mismikið, og sem betur fer er fólk alltaf að opna sig meira fyrir því hvað það fílar í kynlífi og prufa sig áfram,“ segir Fríður Esther Pétursdóttir, eigandi vefverslunarinnar Kinky.is, sem hún stofnaði í byrjun árs 2019.

„Hugmyndin kviknaði þegar mér fannst vanta á markaðinn ódýr, en vönduð og falleg undirföt í fjölbreyttum stærðum, og þar sem ég var heimavinnandi átti þetta að vera svona lítið gæluverkefni. Ég fann framleiðanda að vönduðum og sexí undirfatnaði sem ég flyt inn millilíðalaust, fötin koma flest í stærðunum small til 5XL og ég er stolt af því að geta boðið svona gæðavöru á frábæru verði,“ segir Fríður.

Fríður Esther Pétursdóttir með dætrum sínum, sem hjálpa henni meðal annars með samfélagsmiðlana fyrir Kinky.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Falleg og vönduð undirföt í öllum stærðum fást á Kinky.is

Kinky.is býður upp á gott úrval af gjafasettum fyrir flest tilefni.

Elska að vera á jaðrinum

Í upphafi stóð ekkert endilega til að fara út í kynlífstæki, en þegar Fríður sá að lénið Kinky.is var laust, varð ekki aftur snúið.

„Við byrjuðum afar rólega og höfum hægt og bítandi aukið úrvalið. Íslendingar tóku rosalega vel á móti okkur og þetta er löngu hætt að vera lítið og krúttlegt gæluverkefni og er algjörlega sprungið í höndunum á mér. Elstu dætur mínar hafa hjálpað mér heilmikið og sjá meðal annars um samfélagsmiðlana okkar, en við erum mjög virk á Instagram. Við höfum reynt að gera hlutina öðruvísi en allir hinir og höfum meðal annars haldið konukvöld Kinky með undirfatasýningu, PubQuiz og parakvöld,“ upplýsir Fríður, sem hafði planað eins árs afmælisveislu með undirfatasýningu, ásamt kynningu á BDSM í samstarfi við BDSM-samtökin, þegar COVID-19 skall á. Það bíður nú betri tíma eins og margt fleira spennandi.

„Við elskum að vera á jaðrinum og gera eitthvað nýtt. Kúnnarnir hafa verið duglegir að hafa samband og óska eftir því að við sérpöntum alls konar öðruvísi fyrir þá og það er að sjálfsögðu velkomið, enda getur oft verið bæði dýrt að taka inn staka vöru, sem og viðkvæmt hjá sumum að senda inn kvittun til tollsins,“ segir Fríður.

Kinky rúta á leiðinni

Nýjasta verkefni Kinky.is er að útbúa færanlega míníverslun, sem heldur jafnframt utan um lagerinn sem hefur sprengt allt utan af sér.

„Við erum að breyta lítilli rútu í verslun og vonumst til að koma henni á götuna seinna í sumar. Hugmyndin er að fara með rútuna út á land, á bæjarhátíðir og slíkt, til að þjónusta landsbyggðina betur og mögulega geta verið með opið eitt til tvö kvöld í viku á höfuðborgarsvæðinu, fyrir fólk að koma og skoða eða sækja pantanir. Ég held að það yrði nýjung á Íslandi og er spennt að sjá hvernig fólk tekur á móti okkur,“ segir Fríður og hlakkar til.

„Við seljum auðvitað mikið af hefðbundnum kynlífstækjum: Satisfyer-sogtækin hafa selst eins og heitar lummur, sem og sleipiefni. Þá höfum við tekið inn æ meira af BDSM-vörum, en fólk virðist almennt áhugasamt um að prófa sig áfram þar og sérstaklega eru fetish- og bindisettin rosalega vinsæl, enda á frábæru verði og frábær byrjendasett. Alls konar endaþarmsvörur eru líka mjög vinsælar og við erum alltaf að stækka úrvalið í þeim vöruflokki.“

Skoðaðu úrvalið á kinky.is

Erótík og pólitík í eina sæng

Ungversk-ítalska klámstjarnan, söngkonan og stjórnmálakonan Ilona Staller, betur þekkt sem Cicciolina, var áberandi og umdeild fyrir ýmsar sakir á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Ilona fæddist í Ungverjalandi þann 26. nóvember árið 1951 og fór snemma að starfa sem fyrirsæta. Eftir að hafa gifst ítölskum manni flutti hún ásamt honum til Ítalíu þar sem hún átti eftir að vekja bæði athygli og umtal, innan sem utan landsteinanna.

Umdeildur ferill

Ilona hóf feril sinn árið 1973 í útvarpsþættinum „Voulez-vous coucher avec moi“ sem hún stýrði ásamt klámritahöfundinum Ricardo Schicchi. Það var þá sem hún tók upp nafnið Cicciolina og hóf feril sinn í klámmyndum.

Ilona varð fljótt ein þekktasta klámstjarnan á Ítalíu og birtist í fjölda Playboy-tímarita víðs vegar um heim. Þá var hún fyrst kvenna til þess að bera brjóst sín í ítölsku sjónvarpi árið 1978.

Afskipti hennar af stjórnmálum hófust þegar hún bauð sig fram fyrir hönd Lista del Sole en það var fyrsti „græni“ stjórnmálaflokkurinn á Ítalíu. Árið 1985 gekk hún til liðs við Partito Radicale þar sem áhersla var lögð á afnám kjarnorkuvopna og tveimur árum síðar var hún svo kosin til ítalska þingsins með 20.000 atkvæðum.

Eitt af eftirminnilegri augnablikum stjórnmálaferils hennar var án vafa þegar hún bauðst til þess að sænga hjá Saddam Hussein í þeim tilgangi að koma á friði við Persaflóa.

Ilona hélt áfram að leika í klámmyndum samhliða þingsetunni. MYND/GETTY

Ilona rataði oft á forsíður dagblaða og slúðurblaða seint á síðustu öld.

Ilona hélt áfram að koma fram í klámmyndum samhliða þingstörfum og var tíður gestur á síðum dagblaða og slúðurblaða út um allan heim.

Eftir að þingtímabilinu lauk árið 1991 hlaut hún ekki endurkjör.

Stormasamt hjónaband

Árið 1987 giftist hún bandarísku listamanninum Jeff Koons en þau kynntust þegar hann leitaði til hennar og stakk upp á samstarfi. Úr varð sýningin Made in Heaven sem sýnd var á Feneyjatvíæringnum þar sem sjá mátti risastórar myndir af þeim í grófum kynlífsathöfnum. Hjónabandið reyndist skammlíft og stormasamt og endaði í áralangri forsjárdeilu um son þeirra Ludwig.

> **Athygli vakti þegar hún bauðst til þess að sænga hjá Saddam Hussein í þeim tilgangi að koma á friði við Persaflóa.**

Árið 2002 reyndi hún að bjóða sig fram í heimalandi sínu, Ungverjalandi, en náði ekki að safna nægilega mörgum undirskriftum. Sama ár reyndi hún líka að bjóða sig fram til borgarstjóra í ítalskri borg en hlaut fá atkvæði.

Tíu árum síðar stofnaði hún „Democracy, Nature and Love Party“ eða „DNA“. Meðal stefnu- og baráttumála flokksins var lögleiðing á hjónabandi samkynhneigðra, lágmarkslaun ungmenna og enduropnun vændishúsa.

Árið 2011 varð Ilona sextíu ára gömul og öðlaðist rétt á eftirlaunagreiðslum frá ítalska ríkinu vegna þingstarfa sinna. Ekki voru allir ánægðir með þær fréttir en Ilona lét það ekki á sig fá og svaraði einfaldlega: „Ég vann mér þetta inn og er stolt af því.“

Falleg undirföt í góðum stærðum

Þú getur skoðað úrvalið og pantað í netverslun **www.curvy.is**

Opið í verslun Curvy við Grensásveg
frá kl. 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Spígsporandi spjátrungur

Það eru fáir jafn skrautlegir í klæðaburði og fasi og söngvari hljómsveitarinnar Rolling Stones, Mick Jagger.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Hvítklæddur Jagger með púffermar og hálsklút á tónleikum árið 1969.

Mick Jagger hefur frá upphafi verið óhræddur við að klæða sig á djarfan hátt, hvort sem um ræðir spandexbuxur, kjóla, magaboli eða jafnvel enga boli.

Þá er hann þekktur fyrir að spóka sig og sperra á sviði, líkt og eins konar paradísarfugl, á meðan hann freistar þess að viðhalda ævafornri ímynd sinni sem rokkstjarna og kyntákn.

Forhertur flagari

Óhætt er að fullyrða að Jagger, sem á átta börn með fimm konum, hafi heldur betur staðið undir alræmdu orðspori sínu sem kvennabósi en sagan segir að hann hafi sængað hjá allt að 4.000 konum yfir ævina. Meðal þeirra kvenna sem nefndar hafa verið eru Brigitte Bardot, Tina Turner, Angelina Jolie, Carla Bruni, Uma Thurman og jafnvel Margrét Englandsprinsessa.

Þetta fjöruga líferni samræmdist ekki fjölskyldulífinu og var framkoma Jaggers gagnvart ástkonum sínum oftar en ekki hreint út sagt grimmileg þegar mest á reyndi. Gerðist hann sekur um ítrekuð hjúskaparbrot en flest sambönd hans virðast hafa byrjað og endað sökum framhjáhalds.

En tíminn læknar mörg sár og lítur út fyrir að flestir aðilarnir sem koma að myndun þessarar flóknu fjölskyldu Jagger séu í dag vinir og er hann, nú 76 ára, sagður afar hreykinn af öllum afkomendum sínum.

Þá er Jagger hvergi nærri af baki dottinn hvað barneignir varðar en yngsta barn hans, drengur að nafni Deveraux, fæddist í desember árið 2016. Móðir drengsins og núverandi ástkona, dansarinn Melanie Hamrick, er ekki nema 33 ára og er því umtalsvert, eða nánar tiltekið 43 árum, yngri en hann.

Hafa ýmsir bent á þá kynlegu staðreynd að yngsta barn Jaggers sé yngra en fyrsta barnabarnabarn hans sem fæddist árið 2014.

Jagger hefur oft verið ber að ofan á tónleikum. Hann hefur alltaf verið í fantagóðu fomi enda sprækur á sviðinu.

Fallegur ungur maður og stífmálaður um augun við tökur á kvikmynd.

Á tónleikum íklæddur frægum og svokölluðum „Mr. Fish kjól“.

Í litríkum fatnaði árið 1982.

Það er enginn eins og Mick Jagger þegar kemur að stíl og sviðsframkomu. Hér er hann ægiflottur í Kansas árið 1975.

MYNDIR/GETTY

TÍSKUDAGAR
18. - 28. júní

EIN VARA: 10%
TVÆR VÖRUR: 15%
ÞRJÁR VÖRUR: 20%

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu

FLOTTUR FERÐABÍLL
VW Caddy díesel 5 manna, árg. 2014, ek. 215þ.skoðaður 21" 5 gíra. Topp bíll. Gott verð 990 þ. uppl. 820-5181.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Hjólhýsi

HJOLHYSI.COM
Trigano uppblásin fortjöld á frábæru verði.

Frá framleiðanda með 85 ára reynslu !

Lima 300 Verð: 149.000 kr.

Passar einnig vel á 9-12 feta fellihýsi.
Innifalið í verði: Þakklæðning, gólfteppi, svuntur, pumpa, stangir, hælar og taska.
Opið 11-18.
Bæjarhraun 24
Sími: 8634449
Netfang: www.hjolhysi.com

kriben@simnet.is

www.facebook.com/hjolhysi

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Höfum í boði verkamenn og aðstoðarmenn til ýmissa starfa td. Málara, smiði og fleira. Upplýsingar í síma 7803344 eða í netfangið starfsmidlun@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Skólar & Námskeið

Námskeið

SIGLINGANÁMSKEIÐ
Lærðu að sigla seglskútu, námskeið fyrir börn og fullorðna.
Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - brokey.felog.is

Keypt & Selt

Til sölu

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir manni í húsaviðgerðir, múr og málun. Einhver reynsla æskileg. Uppl: 618 5286 Þórður.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Fasteignir

Fasteignasala Mosfellsbæjar
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Svanþór Einarsson
Lögg. Fast.
S: 698-8555

Klettagarðar - 104 Reykjavík

2.048,2 m2 atvinnuhúsnæði við Klettagarða 4 í Reykjavík.
Stærstur hluti eignarinnar er innréttaður sem vel búið verkstæði með allt að 7,5 metra lofthæð í mæni. Átta 4,5 m innkeyrsluhurðir eru á verkstæðisrýminu. Í austasta hluta hússins er fullbúin þvottastöð fyrir rútur, sprautuverkstæði og lagerhúsnæði. Skv. samþykktu deiliskipulagi er ónýttur byggingaréttur fyrir ca. 2.253 m2 stækkun auk 860 m2 millilofta.

Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

E-Forward
Sportlegt rafmagnshjól
Shimano gírar, diskabremsur, bretti, böglaberi, standari, ljós og bjalla, allt innifalið.
165.000,-
Topphjól
Bíldshöfða 16, Rvk
Sími 661-1902

AUSA
ÖLL JARÐVINNA
S:7773555

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

SKIPULAGSBREYTINGAR

Hraun-vestur, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 29.apríl sl. var eftirfarandi tekið fyrir: 1802033 - Hraun vestur, aðalskipulagsbreyting. Lögð fram aðalskipulagsbreyting og greinargerð vegna landnotkunarbreytingu reits ÍB2 í M4. Lýsing skipulagsbreytingarinnar var samþykkt á fundi ráðsins þann 31.jan s.l. Skipulags- og byggingarráð samþykkir greinargerð og uppdrátt aðalskipulagsbreytingar Hraun-Vestur gjótur reitur ÍB2/M4 og vísar erindinu til staðfestingar bæjarstjórnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra bóka: Aðalskipulagsbreytingin opnar á fjölbreytta byggð íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Nýting landsvæðisins sem liggur að fyrirhuguðum samgönguás Borgarlínu verður betri með auknu byggingarmagni og þéttingu byggðar. Tillagan fellur vel að markmiðum svæðisskipulags og fyrirhuguðum bættum almenningssamgöngum. Í greinargerð aðalskipulagsins dags. 20.04.2020 er gerð góð grein fyrir leik- og grunnskólum ásamt opnum grænum svæðum.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 29. apríl.

Hraun-vestur, Gjótur deiliskipulag

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 10. júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir: 1903199 - Hraun vestur, Gjótur deiliskipulag. Tekin fyrir tillaga að uppbyggingu á reit sem liggur að Reykjavíkurvegi, Hjallahrauni og Helluhrauni. Tillaga Tendru arkitekta dags. 28. maí 2020 að deilskipulagi reits sem nær til lóða við Reykjavíkurveg 60-62 og Hjallahrauns 2-4 lögð fram auk greinargerðar deiliskipulagsins dags. 28. maí 2020 og umsögnum frá Veðurvaktinni og Verkfræðistofu VSÓ. Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs 2. júní s.l. og að málsmeðferð yrði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 10. júní.

Hverfisgata 49, lóðarstækkun, breytt deiliskipulag

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 10. júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir: 1706152 - Hverfisgata 49, lóðarstækkun, breytt deiliskipulag. Á fundi bæjarráðs þann 12.03.2020 samþykkti bæjarráð fyrir sitt leyti lóðarstækkun Hverfisgötu 49 og benti á að vinna þyrfti tillögu að breyttu deiliskipulagi er gerði grein fyrir umræddri lóðarstækkun. Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi dags. maí 2020.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 2. júní s.l. að tillaga að breyttu deiliskipulagi fari til auglýsingar og að málsmeðferð verði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu er jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 10. júní.

Tillögur vegna ofangreindra breytinga á aðalskipulagi, nýrra deiliskipulagstillagna, ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2, frá 25.6.- 6.8.2020. Auk þess er hægt að skoða tillöguna á www.hafnarfjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar. Skal þeim skilað skriflega á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eða með bréfi eigi síðar en 6. ágúst 2020 á heimilisfangið:

Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 **hafnarfjordur.is**

FRÁ YFIRKJÖRSTJÓRN NORÐVESTURKJÖRDÆMIS

Kosningar til embættis forseta Íslands fara fram laugardaginn 27. júní 2020.
Á kjördag verður yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis með aðsetur á Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 16, Borgarnesi, netfang ingi@lit.is og s. 860 2181.
Að loknum kjörfundi kl. 22:00 fer talning atkvæða fram á sama stað en flokkun atkvæða og undirbúningur talningar mun byrja um kl. 20:00.

f.h yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis
Ingi Tryggvason formaður

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS
LEITAR AÐ AÐSTOÐARREKTOR

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu af stjórnun og rekstri menntastofnunar. Aðstoðarrektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og mun bera ábyrgð á yfirfærslu Kvikmyndaskólans á háskólastig og uppbyggingu alþjóðlegrar deildar við skólann. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana skólans og er staðgengill rektors.

HELSTU VERKEFNI
- Ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Ábyrgð á að markmiðum kennslu og að staðlar séu uppfylltir
- Ábyrgð á mannauði skólans, nemendum og starfsfólki
- Umsjón með kynningarmálum skólans
- Umsjón með þróun skólans og uppbygging kennslu
- Þátttaka í stefnumótun og umbótastarfi

REYNSLA, HÆFNI OG ÞEKKING
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem að nýtist í starfi
- Doktorspróf kostur
- Kennsluréttindi skilyrði
- Reynsla og þekking á stjórnun og rekstri menntastofnunar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á mannauðsmálum kostur
- Reynsla og færni í kynningarmálum kostur
- Reynsla og þekking á gæðamálum kostur

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli og hefur starfað frá árinu 1992. Boðið er upp á nám á framhaldsskólastigi en nú hefur skólinn sótt um **viðurkenningu á háskólastigi á fræðasviði lista,** á tveim undirsviðum, kvikmyndagerð og leiklist.

Boðið er upp á nám í fjórum deildum: Leikstjórn og framleiðsla, Skapandi tækni, Handrit og leikstjórn og Leiklist. Einnig er boðið upp á alþjóðlegar námsleiðir fyrir enskumælandi nemendur.

Umsækjendur sendi umsókn með ferilskrá og kynningabréfi á netfangið, **katrin@projects.is**. Fyrirspurnir skal senda á sama netfang.
Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 28. júní n.k.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is

SVONA RÚLLUM VIÐ Í SUMAR

VERTU Í RÉTTA PAKKANUM Í SUMAR!

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

25. JÚNÍ 2020 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1678 Elena Cornaro Piscopia verður fyrsta konan til að hljóta verðlaun fyrir doktorsritgerð sína í heimspeki þegar hún útskrifast frá Háskólanum í Padúa á Ítalíu.

1741 Hin austurríska og konungborna María Theresa er krýnd drottning Ungverjalands.

1848 Mynd sem smellt er af París eftir byltinguna í Frakklandi þetta ár er talin vera fyrsta heimild um fréttaljósmyndun.

1947 Dagbók Önnu Frank er gefin út.

1950 Kóreustríðið hefst með innrás Norður-Kóreu í Suður-Kóreu.

1978 Regnbogafánanum, sem stendur fyrir hinsegin-leika, er flaggað í fyrsta sinn í San Francisco Gay Pride göngunni.

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Sigurjóns Á. Fjeldsted

sem lést 30. maí 2020. Sérstakar þakkir til allra starfsmanna líknardeildar Landspítalans.

Ragnheiður Óskarsdóttir Fjeldsted
Ragnhildur Fjeldsted — **Einar Sveinn Þórðarson**
Júlíus Fjeldsted — **Áslaug Salka Grétarsdóttir**
Ásta Sigríður Fjeldsted — **Bolli Thoroddsen**
og barnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Stefanía Björg Einarsdóttir

Austurhópi 3, 240 Grindavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 31. mars, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 26. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð um son hennar Hjalta Pálmason, sími 893-8626. Fulltrúi frá sjóðnum verður einnig á staðnum í erfidrykkjunni.

Þökkum samúð og hlýhug,

Ólafur Þór Þorgeirsson
Jón Þór Dagbjartsson — **Hafdís Bára Óskarsdóttir**
Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir — **Rúnar Sig. Sigurjónsson**
Petra Rós Ólafsdóttir — **Unnar Ástbjörn Magnússon**
ömmubörn og langömmubörn.

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför

Lilju Helgu Gunnarsdóttur

Ingimundur Magnússon
Magnús Ingimundarson — **Brynhildur Ingvarsdóttir**
Gunnar Ingimundarson — **Hrund Sch. Thorsteinsson**
Bolli Þór Bollason — **Hrefna Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Kristjánsdóttir

fv. ritari á Landakotsspítala,

lést 1 júní.
Útför hennar fór fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Droplaugarstaða og heimahjúkrunar Reykjavíkur.
Þeim sem vilja minnast Elínar er bent á líknarfélög.
Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Anna Kristine Magnúsdóttir
Ingunn Magnúsdóttir — **Stefán Ólafsson**
Elísabet Magnúsdóttir — **Jón Ágúst Eiríksson**
Lízella
barnabörn og langömmubörn.



Vínylmotturnar eru afrakstur vinnudvalar Þórdísar Erlu Zoëga í Gerðarsafni en hún vinnur á mörkum hönnunar og myndlistar.

Bræðingur í Kópavogi

Sumarbræðingur Menningarhúsanna í Kópavogi verður haldinn í annað sinn í kvöld í Salnum og Gerðarsafni. Þar verða djasstónleikar, vínylmottur og strengjatríó á boðstólum.

Það eru djasstónleikar í Salnum á völdum fimmtudögum í sumar og við í Gerðarsafni ákváðum að prófa að hafa opið lengur hjá okkur þá daga," segir Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir verkefnastjóri Gerðarsafns. „Hugmyndin var að fólk gæti byrjað á að fara á tónleika, kíkt svo á safnið þar sem er frír aðgangur og lifandi viðburðir og fengið sér svo að borða á Pure Deli, sem er í samstarfi með okkur."

Í kvöld hefst dagskráin með Tríói Kristjönu Stefáns í Salnum, svo verða frumsýndar nýjar vínylmottur eftir myndlistarmanninn Þórdísi Erlu Zoëga í samstarfi við Stúdíó Flöt í Gerðarsafni. Motturnar eru afrakstur vinnustofudvalar Þórdísar í Gerðarsafni fyrr á árinu þar sem hún vann umkringd verkum Gerðar Helgadóttur.

Mottan, sem ber heitið Snertipunktar, er tvívíð túlkun á víraskúlptúrum Gerðar þar sem nokkrir punktar úr verkum Gerðar voru valdir til að láta snerta hver annan úr öllum áttum þar til þeir mynduðu sjálfstætt form. Motturnar, sem verða í takmörkuðu upplagi, verða seldar í safnbúð Gerðarsafns.

Þá kemur fram strengjasveitin Tríó Sól sem skipuð er Maríu Emilíu Garðarsdóttur fiðluleikara, Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur fiðluleikara og Þórhildi Magnúsdóttur víóluleikara, en þær stunda allar nám við Konunglega danska tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Þær munu flytja valin verk eftir tónskáldin Antonín Dvorák og Arcangelo Corelli sem voru í miklu uppáhaldi hjá Gerði. „Gestum mun þá bjóðast að horfa á verkin eftir Gerði og hlusta á sama tíma á tónlist sem hún hafði dálæti á," segir Ingunn.

Herlegheitin hefjast klukkan 17.00 og er safnið opið til 21.00.

arnartomas@frettabladid.is

†

Okkar ástkæra

Guðný Ólöf Bergsteinsdóttir

lést þann 6. júní á Landspítalanum í Fossvogi. Sérstakar þakkir til starfsfólks á B7 fyrir umönnun og hlýju. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ríkharður Jónsson
Sigríður Ósk Ríkharðsdóttir — **Árni Þór Vilhelmsson**
Berglind Bára Ríkharðsdóttir
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra

Guðlaug Magnúsdóttir

Boðahlein 18, Garðabæ,

lést á Borgarspítalanum þann 14. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

F.h. aðstandenda,
Gunnar V. Árnason, Örlygur V. Árnason,
Matta Rósa Rögnvaldsdóttir og fjölskyldur.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,

Guðmundar Skúla Kristjánssonar

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Hringbraut 42, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sjávar- og Ægishrauns á Hrafnistu, Hafnarfirði, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Hólmfríður Jóhannesdóttir — **Stefán Eggertsson**
Magnús Heimir Jóhannesson — **Margrét Baldursdóttir**
Jóhanna Auður Vilhjálmsdóttir — **Ragnar Snæbjörnsson**
Birna Guðmundsdóttir — **Guðmundur Alfreðsson**
Sigríður Diljá Guðmundsdóttir — **Kjartan Jósefsson**
Kristján Eyfjörð Guðmundsson — **Lilja Aðalbjörg Þórðardóttir**
Margrét Guðmundsd. Hales — **Jeffrey Keith Hales**
Hanna Íris Guðmundsdóttir — **Guðmundur Hjörtur Einarsson**
Ásmundur Orri Guðmundsson — **Fjóla Haraldsdóttir**
Áslaug Eyfjörð — **Guðbjörn Ólafsson**
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Fylgstu með
á Hringbraut

Fasteignir og heimili

– á Hringbraut alla mánudaga kl. 20:30

Alhliða þáttur um **fasteignir**, **heimili**, **innanhússarkitektúr**, **matargerð**, **húsráð** og **lífsstíl** – allt sem við kemur **heimilum**, **fasteignum** og **umhverfi** þeirra.

Sjöfn Þórðar hittir **fagfólk** og aðra áhugaverða **viðmælendur** til að fræða áhorfendur um þau **fjölbreyttu** viðfangsefni sem tengjast **fasteignum og heimilum.**

Heimsótt eru **lifandi** og **eftirtektarverð** heimili ásamt ýmsum **áhugaverðum** stöðum sem bjóða upp á **sögu, menningu og listir.** Jafnframt er fjallað um **horfur og þróun fasteignamarkaðarins.**

Fasteignir og heimili er
í boði Íslandsbanka

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA, LÍFSREYNSLA, NÁTTÚRA OG MATARGERÐ

HRINGBRAUT

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 2	8 °C | 1	14 °C | 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
18 °C | 3	11 °C | 3	6 °C | 6

Suðvestan 3-8 í dag og víða skúrir. Hiti 8 til 19 stig, hlýjast austanlands.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 2	10 °C | 3	13 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
15 °C | 4	12 °C | 3	9 °C | 1

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 5	5 °C | 6	8 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
12 °C | 2	15 °C | 2	7 °C | 7

LÉTT

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

MIÐLUNGS

	2				8	3	6	
				3		9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

ÞUNG

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Krossgáta

LÁRÉTT
1. stæla
5. svif
6. tónn
8. afhentirðu
10. tveir eins
11. pirruð
12. fjöldi
13. lall
15. hryggðar
17. glepja

LÓÐRÉTT
1. svipleysa
2. áhrifavald
3. kóf
4. tálma
7. tilkynna
9. skipaður
12. æsingur
14. annríki
16. tveir eins



LÁRÉTT: 1. líkja, 5. áta, 6. fa, 8. gafstu, 10. kk, 11. ergi, 12. ótal, 13. róli, 15. angurs, 17. narra.
LÓÐRÉTT: 1. lágkúra, 2. íak, 3. kaf, 4. aftra, 7. auglýsa, 9. settur, 12. ólga, 14. ónn, 16. rr.

Skák Gunnar Björnsson

Alexei Shirov átti leik gegn Alex Bachmann í netskákeinvígi.

1. Bf6!! 1-0. Shirov hefur engu gleymt!
Átta manna úrslit Chessable-mótsins hefjast í dag. Carlsen mættir Caruana í átta manna úrslitum. Tefld eru þrjú fjögurra skáka atskákeinvígi. Sá sem vinnur tvö þeirra kemst áfram í undanúrslit.

www.skak.is: Chessable-mótið

Hvítur á leik

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5

3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9

3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

pepsi MAX
MÖRKIN
Í KVÖLD 20:00
PEPSI MAX
DEILDIN
3.990 KR./MÁN.
SPORT
Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is

Kristjana Stefánsdóttir flytur uppáhaldslög sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

Tríó Kristjönu í Salnum

Í Salnum í dag, 25. júní, klukkan 17 stígur söngkonan Kristjana Stefánsdóttir á svið í forsalnum og flytur sín uppáhaldslög í eigin útsetningum allt frá Bítlunum til Billy Strayhorn. Með Kristjönu á sviðinu verða Ómar Guðjónsson á gítar og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa.

Tónleikarnir eru hluti af Sumarjazz í Salnum en næst verða tónleikar 9. júlí og þá koma fram Unnur Birna og Bjössi Thor. Frítt er inn á tónleikana.

Jóhannes og Bjarni í nýju búðinni í Ármúlanum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Svo gaman að selja bækur

Í Ármúla 42 er bókabúðin Bókakaffið þar sem seldar eru bæði gamlar og nýjar bækur. Hún er hluti af Bókakaffinu á Selfossi.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Bjarni Harðarson, bóksali og rithöfundur, rekur bókabúðina Bókakaffið á Selfossi. Nú hefur hann fært út kvíarnar því að í Ármúla 42 er nú komin bókabúðin Bókakaffið þar sem seldar eru bæði gamlar og nýjar bækur.

Ákveðin tækifæri

„Það er svo gaman að selja bækur," segir Bjarni. „Allir tímar skapa ákveðin tækifæri og nú eru Íslendingar meira og minna heima og upplagt er að leggjast í lestur. Verslunarhúsnæði liggur ekki alltaf á lausu en ég var svo heppinn að finna mjög góðan leigusala. Ég er líka ljónheppinn með verslunarstjóra, sem er Jóhannes Ágústsson. Hann seldi í áratugi plötur og diska í Japis og 12 tónum. Hann er með mikla reynslu í verslunarstörfum sem skiptir miklu máli."

> MARGIR ERU BÚNIR AÐ REKA INN NEFIÐ OG BARNAFÓLK ER ÞAR Á MEÐAL.

Bjarni segir nýju bókabúðina vera hluta af Bókakaffinu á Selfossi. „Við samnýtum margt og köllum þetta Bókakaffið því við eigum það vörumerki. Við vonumst til að ná svipaðri stemningu og í Bókakaffinu á Selfossi með því að blanda saman nýjum og gömlum bókum."

Breiður kúnnahópur

„Hér eru skáldsögur, íslenskar og erlendar, mikið af sagnfræði og ættfræði og ýmiss konar fróðleik. Það er geysilega mikið af nýjum bókum, ekki síst barnabókum. Bækurnar eru á mjög hagstæðu verði. Ég held að kúnnahópurinn verði nokkuð breiður hjá okkur. Margir eru búnir að reka inn nefið og barnafólk er þar á meðal," segir Jóhannes verslunarstjóri.

Spurður hvort fólk sé enn að safna bókum segir Bjarni: „Þeir eru kannski ekki eins margir og áður fyrr en bókasafnarar eru enn til og í þeim hópi hef ég hitt kornungt fólk."

Húsnæðið er leigt í þrjá mánuði til að byrja með. „Þetta er ákveðin tilraun. Vonir standa til að þetta gangi það vel að bókabúðin verði hér til frambúðar," segir Bjarni.

Bókabúðin er opin mánudaga til laugardaga frá klukkan 13.00-18.00.

Ólafur Elíasson í i8

Handan mannlegs tíma er sýning sem opnuð verður í dag í i8, en þar eru sýnd ný vatnslitaverk listamannsins Ólafs Elíassonar. Sýningin stendur til 15. ágúst. Þar eru sýndar tvær seríur og nýtt stórt vatnslitaverk sem er titilverk sýningarinnar og var gert með því að nota ævafornan jökulís sem veiddur var úr sjónum við Grænlandsstrendur.

Í sýningarskrá segir: „Titilverk sýningarinnar, Handan mannlegs tíma, var gert með því að nota ævafornan jökulís sem veiddur var úr sjónum við Grænlandsstrendur fyrir hina gríðarstóru innsetningu, Íssjá (Ice Watch) árið 2014. Í því verki vann Ólafur með jarðfræðingnum Minik Rosing í þrjú skipti alls á árunum 2014 til 2018 og settu þeir fram stóra klumpa úr Grænlandsjökli á fjölfarna staði hér og þar í Evrópu til að vekja athygli á afleiðingum loftlagsbreytinga og til þess að hvetja fólk til aðgerða. Ólafur notar örlítla mola úr þessum klumpum í þessu verki. Ísmolanum var komið fyrir ofan á þykkri pappírsörk ofan á þunn litalög. Eftir því sem að ísinn bráðnaði, kom vatnið í stað litarins, og framkallaði lífrænar bylgjur og litbrigði. Hér notast hann við tilviljanir og náttúrulegt ferli og eru vatnslitaverk af þessari gerð tilraunir til að fanga sjálfkrafa hegðun náttúrufyrirbæra og gera þau að samverkamönnum sínum."

Skammtímaminni sólarinnar, 2020 vatnslitur og blýantur á pappír.

ÚTSKRIFTARGJAFIR, ÚTSKRIFTARGJAFIR!



Ljóðasafn Vilborgar
Verð: 4.999.-



Gjöfin til íslenskrar alþýðu
Verð: 9.999.-

Reykjavík um 1900
Verð: 8.999.-

Leikjastóll Commander með LED lýsingu
TILBOÐSVERÐ: 36.542.-
Verð áður: 42.990.-

Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 30.744.-
Verð áður: 36.169.-



Factfulness
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 5.999.-

Our Planet
TILBOÐSVERÐ: 6.299.-
Verð áður: 5.039.-



Leonardo
TILBOÐSVERÐ: 9.599.-
Verð áður: 11.999.-

Tómt höfuð
TILBOÐSVERÐ: 2.449.-
Verð áður: 3.499.-

Ferðahátalari bluetooth
TILBOÐSVERÐ: 8.399.-
Verð áður: 11.999.-

VITRA Toolbox
TILBOÐSVERÐ: 5.192.-
Verð áður: 6.490.-

Cubebot M
TILBOÐSVERÐ: 3.149.-
Verð áður: 4.499.-

VITRA House Bird
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 19.920.-
Verð áður frá: 24.900.-

ALLAR FERÐATÖSKUR

Valdir CROSS pennar
TILBOÐSVERÐ frá: 4.499.-
Verð áður frá: 5.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 29. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

BÍLAR

Að mati Samiðnar má endurgreiðsla ná til viðgerða á mótorhjólum.

Endurgreiðsla til fleiri tegunda ökutækja

Samiðn, Samband iðnfélaga, vill láta endurgreiða virðsaukaskatt vegna viðgerða á bifhjólum, hjólhýsum og tjaldvögnum, auk bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja.

Með lögum nr. 25/2020, um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins, var meðal annars sú tímabundna breyting gerð, að virðisaukaskattur vegna vinnu manna við bílaviðgerðir, bílamálun og bílaréttingar fólksbifreiða, yrði að öllu leyti endurgreiddur.

Samiðn, hefur bent fjármála- og efnahagsráðuneytinu á mikilvægi þess að endurgreiðsla vegna þessarar vinnu verði útvíkkuð með þeim hætti að slíkar endurgreiðslur taki til viðgerða, málningar eða réttinga á öllum skráningarskyldum ökutækjum, samanber umferðarlög nr. 77/2019 og reglugerð nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

Samiðn bendir á að ekki verði séð að nein rök séu fyrir því að undanskilja önnur, skráningarskyld ökutæki frá umræddri endurgreiðslu á virðisaukaskatti, svo sem bifhjól, hjólhýsi, tjaldvagna eða dráttarvélar. Samiðn telur afar brýnt að umræddar breytingar verði gerðar hið fyrsta. „Það er mikilvægt að umrædd endurgreiðsla verði víkkuð út með þeim hætti að hún taki til allra skráningarskyldra ökutækja enda eru engin rök fyrir að undanskilja bifhjól, hjólhýsi, tjaldvagna eða önnur skráningarskyld ökutækja í þessu sambandi," segir Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar.

Vizor-framendinn einkennist af vængjalaga dagljósum og verður nýtt andlit Opel/Vauxhall-merkjanna.

Nýr Opel Mokka verður einnig rafdrifinn

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Pure Panel mælaborðið er með tveimur upplýsingaskjáum og kúpt í laginu.

Önnur kynslóð Opel Mokka er nú komin fyrir sjónir almennings og með miklum útlitsbreytingum. Stærstu fréttirnar eru þó þær að hann verður einnig fáanlegur sem 100% rafbíll, um leið og hann kemur í sýningarsali.

Ný kynslóð Opel Mokka er komin með alveg nýjan framenda og kallast sú hönnun Vizor. Búast má við því útliti á næstu bílum frá Opel- og Vauxhall-merkinu, og er nýr Opel Grandland næstur í röðinni. Að sögn Svavars Grétarssonar, verkefnastjóra nýrra bíla hjá Bílabúð Benna, er bíllinn væntanlegur í lok árs. „Þetta nýja útlit á bílnum er mjög spennandi og við búumst við að markaðssetja hann fyrst og fremst sem rafmagnsbíl," segir Svavar.

Vizor-framendinn einkennist af vængjalaga dagljósum og Matrix díóðu-aðalljósum. Yfir hliðargluggum er krómlisti sem aðskilur þakið frá gluggunum og liggur listinn að afturenda, þar sem að afturljós með svipuðu lagi er að finna. Mokka er 125 mm styttri en áður og mun vera þægilegri í borgarakstri fyrir vikið. Búið er að auka hjólhaf hans um 2 mm, en stytta umtalsvert skögun fram- og afturenda. Fyrir vikið er plássið áfram jafngott og sama 350 lítra farangursrými og áður. Að innan fær bíllinn nýtt Pure Panel mælaborð með tveimur upplýsingaskjáum. Undirvagn nýs Mokka er CMP undirvagninn frá PSA, sem er einnig undir Peugeot 2008. Fyrir vikið er bíllinn 120 kílóum léttari en áður. Í boði verða þriggja strokka bensínvélar og fjögurra strokka dísilvélar, en bíllinn er hér frumsýndur í rafútgáfu sinni. Þar er hann með 134 hestafla rafmótor og 50 kWst. rafhlöðu sem gefur honum 320 km drægi.

» Bíllinn kemur fyrst í rafútgáfu og verður þannig með 134 hestafla rafmótor og 50 kWst. rafhlöðu.

bauhaus.is

BAUHAUS®



verð frá:

1.495.- pr/m.

KIRKEDAL

Pallaefni komposit massiv

Kirkedal Solid pallaefni í komposit efni. Fæst í svörtu, gráu, eik og harðviði. 18/20 x 130/200 x 4000/6000 mm.

305.-

Gagnvarið pallaefni

Gagnvarin fura. NTR A/B vottað. 28 x 120 mm. Verð á m. FSC.

745.-

Lerki pallaefni

28 x 115 x 4000 mm. Verð pr. m. FSC.

995.-

Rásað lerki

27 x 140 mm. Verð á m. FSC.

verð frá:

3.595.-

Pallaskrúfur

Koma í ryðfríu stáli A4. Lágmarksmyndun sprungna þökk sé í skurðinum í hausnum. Skrúfuhöfuðið hefur 4 mismunandi skrúfhausa sem gerir það að verkum að yfirborðið springur síður. 4,2 x 42 250 stk.

Verð gildir til og með mánudeginum 6.júlí 2020

ALLT FYRIR PALLINN Í BAUHAUS!

GORI

7.995.-

502 gagnsæ viðarvörn 5 l

Gagnsæ viðarvörn. Hentar mjög vel á klæðningar, skjólveggi, glugga og aðra viðarfleti t.d. bílskúra og útihurðir. Fæst í nokkrum litum. Þekur 6-10 m² á ltr.

termo do not cover

9.995.-

Milano pallahitari

Þv.60 cm. Stillanleg hæð, hám. 200 cm. Höfuðið er hægt að stilla upp og niður. 650/1300/2000 W. Hitar ca. 10 - 12 m². Svartur. IP klasse 44.



Drive-In Timbursala®

Timbursalan er opin alla virka daga til kl 19.00 og 18.00 um helgar!

Pinotex

3.795.-

Pallaolía 5 l

Ver pallinn fyrir sólinni og hindrar að raki smjúgi inn i viðinn. Glær. Hægt að blanda í fleiri litum. Þekur 15 m² á l.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi Upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis, með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Hugleiðsla með Auði Bjarna Leiðsögn um öndun, slökun og næringu andans.
21.45 Bókin sem breytti mér Fjallað er um uppáhaldsbækur kunnra bókaorma landsins.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2002-2003
09.30 Landinn 2010-2011
09.55 Sue Perkins skoðar Gangesfljót
10.45 Úr Gullkistu RÚV. Gott kvöld Bubbi Morthens
11.35 Tíundi áratugurinn
12.20 Kastljós
12.35 Menningin
12.45 Mósaík
13.25 Manstu gamla daga? Í útvíðum buxum með túberað hár
14.05 Reimleikar
14.35 Gettu betur 2005 Menntaskólinn á Egilsstöðum - Menntaskólinn á Akureyri
15.35 Poppkorn 1986
16.05 Úr Gullkistu RÚV. Brautryðjendur. Sigríður Sigurðardóttir
16.30 Opnun. Eygló Harðardóttir og Ragnar Kjartansson
17.05 Unglingsskepnan
17.35 Kanarí
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.14 Allt í einum graut
18.38 Maturinn minn
18.50 Vísindahorn Ævars. Viðtal við Jane Goodall
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Forsetakosningar. Viðtal við frambjóðanda. Guðni Th. Jóhannesson
20.05 Menningin
20.15 Sumarlandinn
20.40 Draugagangur. Ghosts
21.10 Griðastaður. Sanctuary
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Kynningar frambjóðenda. Forsetakosningar 2020. Guðni Th. Jóhannesson
22.25 Sveitasæla. Fred til lands
23.20 22. júlí. 22. juli
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.40 European Tour 2020 Útsending frá lokadegi South African Open.
10.25 LET Highlights
12.40 LET Highlights
13.25 PGA Tour 2019 Útsending frá Travelers Championship.
18.30 PGA Tour: The Cut
19.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Travelers Championship.
22.00 PGA Special: Tiger Tales
22.45 PGA Special: Links to Learning
23.10 PGA Highlights 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 The Bachelorette
14.25 Black-ish
14.50 The Block
16.05 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 American Housewife
19.30 The Unicorn
20.00 Meikar ekki sens
20.25 Intelligence
20.50 The Resident
21.40 Mr. Robot
22.35 Agents of S.H.I.E.L.D.
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 Madam Secretary
02.30 Godfather of Harlem Stórbrotin þáttaröð sem byggð er á sannri sögu. Glæpaforinginn Bumpy Johnson snýr aftur heim til Harlem eftir tíu ár í fangelsi og kemst að því að það er allt í hers höndum í gamla hverfinu hans. Aðalhlutverkið leikur Forest Whitaker.
03.30 City on a Hill
04.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Borgarmyndir Patras
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hvar erum við núna? Höfuðborgarsvæðið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld útvarpsins. Don Giovanni eftir Wolfgang Amadeus Mozart
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.30 Wall Street
11.35 Trumbo
13.35 The Mercy
15.15 Wall Street
17.15 Trumbo
19.20 The Mercy
21.00 Shazam!
23.05 Pacific Rim. Uprising
00.55 The Hunter's Prayer
02.25 Shazam!

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.30 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Curb Your Enthusiasm
10.45 Gossip Girl
11.25 Divorce
11.55 Besti vinur mannsins
12.35 Nágrannar
12.55 Hönnun og lífsstíll með Völu Matt
13.20 Hversdagsreglur
13.40 Blokk 925
14.05 Leitin að upprunanum
14.40 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
16.50 Mom
17.10 Friends
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 BBQ kóngurinn Glænýir og brakandi ferskir grillþættir.
19.40 Love in the Wild
20.30 Strákarnir okkar
21.55 NCIS. New Orleans
22.40 Ástríður
23.05 Pennyworth
00.15 Real Time with Bill Maher
01.20 Rebecka Martinsson
02.05 Prodigal Son
02.50 Nashville
04.15 Nashville

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Modern Family
21.05 DC's Stargirl 1
21.50 The Third Eye
22.40 Hreinn skjöldur
23.00 The Hundred
23.50 Friends
00.10 Friends
00.35 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.45 Gillingham - Chelsea 00/01
08.10 Fjölnir - Stjarnan
09.50 Pepsi Max Stúkan
11.05 Atalanta - Lazio
12.45 Norðurálsmótið Skemmtilegur þáttur um knattspyrnustjörnur framtíðarinnar.
13.20 Norðurálsmótið
13.55 KR - FH 2018
14.20 KA - Leiknir Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
16.00 Stjarnan - Leiknir F. Útsending frá leik í 32-liða úrslitum Mjólkurbikars karla.
17.40 Austur-Evrópa
18.15 Norðurálsmótið
19.00 Breiðablik - Keflavík Bein útsending frá leik í 32-liða úrslitum Mjólkurbikars karla.
21.30 Pepsi Max Mörkin
22.30 UCL Classic Matches
23.20 Fulham - Tottenham 06/07
23.50 Stjarnan - KR 2011
00.25 Breiðablik - Keflavík

STÖÐ 2 SPORT 2

08.45 Atalanta - Lazio
10.30 Real Madrid - Mallorca
12.10 Alavés - Osasuna
13.50 Real Sociedad - Celta Vigo
15.35 Roma - Sampdoria
17.20 Eibar - Valencia Bein útsending.
19.50 Real Betis - Espanyol Bein útsending.
21.55 Inter - Sassuolo
23.35 Bologna - Juventus

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

ALLT AÐ 700.000 kr. AFSLÁTTUR!

ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

HONDA Jazz Comfort
Nýskr. 03/18, ekinn 23 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.090.000 kr.

25.160 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

TOYOTA Auris Active Hybrid
Nýskr. 05/15, ekinn 60 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.390.000 kr.

28.719 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Qashqai Tekna 2wd
Nýskr. 03/18, ekinn 35 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.990.000 kr.

47.702 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

VW Polo Trendline
Nýskr. 03/18, ekinn 77 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.390.000 kr.

16.856 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

RENAULT Captur Intens
Nýskr. 06/16, ekinn 36 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.690.000 kr.

20.415 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

HYUNDAI Kona Style 4wd
Nýskr. 02/18, ekinn 23 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 4.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.090.000 kr.

48.888 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 07/18, ekinn 68 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 2.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

21.601 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Micra Visia
Nýskr. 06/16, ekinn 58 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
890.000 kr.

10.924 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

SKODA Octavia Combi 4x4
Nýskr. 01/18, ekinn 96 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

35.838 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

RENAULT Clio IV GT Line
Nýskr. 05/18, ekinn 9 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

29.906 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

VW Caddy
Nýskr. 09/15, ekinn 73 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.290.000 kr.

15.669 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 03/18, ekinn 97 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

41.770 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

DACIA Duster 4x4
Nýskr. 04/16, ekinn 58 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

21.601 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 06/17, ekinn 69 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.190.000 kr.

38.211 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

RENAULT Kangoo
Nýskr. 02/16, ekinn 70 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 1.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.490.000 kr.

14.507 kr. *á mán. m.v. 20% útborgun.**

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

ENNEMM / SÍA / NM001705

Dragdrottningar kunna að redda sér

Draglistahópurinn Drag-súgur hefur lagt Iðnó undir sig í viku í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Í boði verður ótrúlega flott og fjölbreytt dagskrá sem rís svo hvað hæst á laugardaginn með opnu húsi og sýningu um kvöldið.

Sigurður Starr Guðjónsson og Ásgeir Helgi Magnússon eru meðal forkólfa Drag-súgs, en þeir segja að draglistin hafi heldur betur sótt í sig veðrið síðustu ár eftir nokkurn dvala í rúman áratug.

„Dragið er bara ótrúlega blómstrandi hérna, mætti segja að við séum á heimsvísu framarlega í þessu. Þetta er í raun algjör gullöld dragsins og það er að einhverju leyti að þakka vinsælum þáttum á borð við Ru Paul's Drag Race. Nú er drag komið inn í sjónvarpsherbergi allra og ömmu þeirra," segir Sigurður, sem kemur fram sem Gógó Starr.

Mætti jafnvel staðhæfa að við eigum flestar dragdrottningar miðað við íbúafjölda?

„Já, ætli það ekki," svarar Sigurður.

„Allavega hárkollufjölda á dragdrottningu miðað við höfðatölu," skýtur Ásgeir, einnig þekktur sem Agatha P, inn í og þeir hlæja saman.

Talið berst að hárkollum, sem eru oft stórar og miklar, og eru áberandi í draglistinni.

„Því minni persónuleika sem þú ert með, því stærri hárkollu þarftu," segir Ásgeir og heldur áfram: „Já, maður þarf að vinna sig upp á við," segir hann hlæjandi og heldur áfram: „Sjálfur er ég voða mikið að vinna með svona Gollum-hár, eins og þú sérð. Sexí Gollum-hár."

Það er í meira en nógu að snúast hjá þeim Ólafi, Sigurði, Ásgeiri, Henný, Oddnýju og Magnúsi í undirbúningi fyrir helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sterk sena

Það eru komin tvö og hálft ár síðan Ásgeir sneri aftur í dragið.

„Hann á sína drag-fortíð," bendir Sigurður á.

„Á mínum unglingsárum varð ég Dragdrottning Íslands, það var árið 2001. Síðan fór dragið bara í langan dvala hérna. Þarna um aldamótin náði það ákveðnum hápunkti og síðan fjaraði aðeins undan," segir Ásgeir.

„Svo springur allt út svona 2015. Ég flyt suður frá Akureyri og við byrjum með Drag-súg. Fullt af fólki bættist í hópinn og þess vegna erum við komin með þessa sterku senu sem er í dag," segir Sigurður, sem fór fyrst í drag árið 2009.

„Gógó fæðist samt 2013 og svo vann ég Dragkeppni Íslands 2015. Þetta er búin að vera löng fæðing þannig ég átta mig ekki alveg á því hvenær ég tók fyrsta andardráttinn," segi Sigurður.

„Við erum að fara að ferma hana næsta vor," segir Ásgeir og þeir hlæja saman.

„Þetta verður sett upp sem sviðsverk, ópera í þremur þáttum," bætir Ásgeir við.

Glimmer og dansnámskeið

Aðstandendur Listahátíðar í Reykjavík höfðu samband við Drag-súg, en leiðir þeirra hafa áður legið saman.

„Sem sviðslist hefur þetta auðvitað marga snertifleti. Við veltum fyrir okkur einhverri yfirtöku hérna í Iðnó en svo stækkaði þetta bara og óx og mun því standa út vikuna. Svo kórónast allt hérna á laugardaginn. Þá verður opið hús 13.00-16.00 og svo sturluð dragsýning um kvöldið, opið öllum sem vilja mæta og frítt inn," segir Sigurður.

Það verður nóg í boði á opna húsinu. Innsetningar, glimmer í boði og

Ásgeir Helgi eða Agatha P, eins og hún er betur þekkt sem, var Dragdrottning Íslands 2001.

Henný og Sigurður hjálpast að við að undirbúa viðburð kvöldsins.

> ÞETTA ER ÚRVALS LÁGMENNING OG ÞAÐ MÁ BARA ALVEG HAFA GAMAN AF ÞVÍ.
>
> Sigurður

dragdrottningin Starína les bækur fyrir börnin eins og henni einni er lagið.

„Svo verðar saumavélar úti um allt. Við ætlum að fá gesti til að leggja okkur lið við að gera sérstakan refil, sem við köllum gálurefilinn," segir Ásgeir.

„Síðan förum við kannski að gefa öndunum brauð og eitthvað, það verður alveg rosalega huggulegt," segir Sigurður.

Í dag er svo boðið upp á dansnámskeið sem er opið öllum.

„Ekkert þema í raun nema „Be fabulous"," segir Sigurður.

„Það verður nóg af „Yasss, honey" og þannig," segir Ásgeir.

Leika sér að mistökunum

Á morgun, föstudag, verður stutt námskeið í förðun fyrir dragdrottningar. Fólk getur þá komið með eigin förðunarvörur og fengið ráðleggingar frá drottningunum.

„Fólk þarf ekkert að vera að stressa sig, við komum með glimmer. Það væri þess vegna nóg að koma með einn augnblýant, við finnum út úr öllu. Það er list að leika sér að mistökunum, maður á bara að „owna" allt sem maður gerir," segir Sigurður.

„Algjörlega, að búa til eitthvað úr engu," segir Ásgeir.

„Glamúr úr ruslinu," segir Sigurður á meðan Ásgeir dregur fram glæsilega blúnduslá.

„Þetta var borðdúkur. Við vorum með sýningar á netinu á meðan COVID-19 stóð yfir þar sem þessi birtist. Þá komst maður ekki út í búð eftir efnum, þá er það bara ruslapoki eða borðdúkur. Dragdrottningar kunna að redda sér," segir Ásgeir.

Talið berst að draginu sem listgrein og parti af menningunni.

„Þetta er úrvals lágmenning og það má bara alveg hafa gaman af því," segir Sigurður.

„Algjörlega. Þetta er toppurinn á úrvals lágmenningu," bætir Ásgeir við.

Lærðu að dansa eins og dragdrottning í Iðnó í dag klukkan 18.00. **steingerdur@frettabladid.is**

VILTU VINNA

ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL?

PÓSTAÐU MYND AF ÞÍNU BROSI Á INSTAGRAM OG MERKTU MEÐ MYLLUMERKINU

#EXTRABROS

EXTRABROS.IS

Inga, Lilja, Rósa og Vilborg taka ilmandi vel á móti gestum í Fischer í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ilmurinn útvíkkar heim bókmenntanna

Rósa, **Inga**, **Lilja** og **Vilborg** standa fyrir sýningunni Ó-lykt í Fischer. Þegar kemur að þeirra uppáhaldslykt hafa þær ólíkar skoðanir sem spanna allt frá lyktinni af ungbörnum yfir í rúðupiss og bensín.

Systurnar Rósa, Inga og Lilja Birgisdætur opna sýninguna Ó-lykt með rithöfundinum og þjóðfræðingnum Vilborgu Bjarkadóttur í dag í ilmsetrinu Fischer. Sýningin er liður í HönnunarMars, en á henni er rýnt í hvernig ilmur getur dregið mann inn í heim skáldskapar og auðgað ímyndunaraflið. Á sýningunni eru skoðuð verk íslenskra höfunda sem hafa náð að draga lesandann inn í ákveðinn hugarheim, með því að virkja skynjun hans. Ilmsetrið hefur svo reynt að framkalla andrúmsloftið í raunheimi, með því að gera lykt sem passar við lýsingar skáldverksins.

Bönnuð lykt spennandi

„Lykt er alltaf háð samhengi. Hestalykt er æðisleg þegar maður er á hestbaki, en hestalykt af fólki í matvöruverslun er kannski ekki alveg eins æðisleg. Þannig að góð lykt er svolítið tengd andrúmslofti, stund og stað. Ég til dæmis elska að finna lyktina af sítrónum og appelsínum þegar ég er að skera þær. Fæ eiginlega ekki nóg af lyktinni. Þegar ég var yngri þá hljóp ég alltaf inn í verslunina Body Shop til þess að finna lyktina af sápum," segir Vilborg.

„Ég er ein af þessum brjálæðingum sem hafa alltaf heillast af kemískum lyktum, eins og rúðupissi og bensíni. Ef ég ætti að vera alveg hreinskilin þá myndi ég segja að það séu uppáhaldslyktirnar mínar. Það gæti líka stafað af því að ég veit að þær eru ekki góðar fyrir mig og ávanabindandi, þannig að þetta er rosamikið „bönnuð" lykt, sem gerir það frekar spennandi fyrir vikið," segir Rósa og hlær.

„Mér hefur alltaf fundist heimilislykt spennandi fyrirbæri. Þegar við vorum krakkar þá var alltaf alveg sérkennandi lykt heima hjá öllum. Ein ákveðin lykt sem einkenndi hvert heimili, hvort sem það var heima hjá vinum, hjá ömmu og afa, eða frænkum og frændum. Þetta var einhver kokteill af matarlykt, hreinlætisvörum, plöntulykt og manneskjulykt og enginn var með sömu uppskrift, þannig að engin heimilislykt var eins," segir Inga.

> **LYKT ER ALLTAF HÁÐ SAMHENGI. HESTALYKT ER ÆÐISLEG ÞEGAR MAÐUR ER Á HESTBAKI, EN HESTALYKT AF FÓLKI Í MATVÖRUVERSLUN ER KANNSKI EKKI ALVEG EINS ÆÐISLEG.**
>
> Vilborg

> **ÉG HLJÓMA KANNSKI MEYR, EN ÉG VERÐ EIGINLEGA AÐ SEGJA AÐ UPPÁHALDSILMURINN MINN SÉ AF NÝFÆDDU BARNI. ÞAÐ ER HINN EINI SANNI ILMUR AF LÍFINU.**
>
> Lilja

„Ég hljóma kannski meyr, en ég verð eiginlega að segja að uppáhaldsilmurinn minn sé af nýfæddu barni. Það er hinn eini sanni ilmur af lífinu," segir Lilja brosandi.

Skapar andrúmsloftið

Nokkur dæmi úr kvikmynda- og bókmenntasögunni eru þeim minnisstæð, þar sem hugmyndin um lykt ýtti undir andrúmsloftið.

„Ég man eftir að hafa orðið yfir mig hrifin af bókinni Ilminum, en varð fyrir verulegum vonbrigðum með kvikmyndina. Því í hverju liggur ánægjan við að sjá sniffandi mann með þanda nasavængi?" segir Vilborg hlæjandi og heldur svo áfram: „Bókin hafði veruleg áhrif á mig og ég hugsaði vá, það er hægt að segja sögu í gegnum lykt og það er hægt að nota svo mörg orð til þess að skapa andrúmsloft."

„Mér dettur fyrst í hug Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi. Það er stanslaust verið að hella upp á, þannig að það er erfitt að komast hjá því að finna kaffiilminn. Svo man ég eftir einni senu sem sat mjög lengi í mér, úr þríleiknum hans Jóns Kalmans. Þá kemur söguhetjan inn í torfbæ sem hefur verið undir snjó í einhverja mánuði og fnykurinn væntanlega eftir því, svo gefur hann börnunum á bænum hvítt, autt blað," segir Inga.

Bjór og hársprey

Rósa, yfir-ilmhönnuður Fischer, segir erfitt að gera upp á milli þeirra lykta sem gestir fá að þefa af í dag.

„Ég verð að viðurkenna að ég er ekki hlutlaus og er mjög ástfangin af þeim öllum. En ef ég ætti að velja, þá fannst mér skemmtilegast að búa til hárlakkslyktina úr Hvunndagshetjunni eftir Auði Haralds," segir Rósa.

„Það er alveg magnað að heyra Auði útskýra hvernig konur settu upp hárið í kringum 1971. Þá var bjór notaður til að bleyta upp í hárinu áður en því var rúllað upp. Svo þegar bjórinn var þornaður, eftir nokkra tíma, var greitt úr bjórkrullunum og glæpsamlega miklu magni af hárspreyi dælt í herlegheitin þannig að hárgreiðslan dugði, vissulega illa lyktandi, út vikuna," segir Lilja hlæjandi.

Sýningin verður opnuð í dag í Fischer ilmsetri við Fischersund 3 klukkan 17.00, þar sem gestum gefst færi á að þefa af brotum úr íslenskri bókmenntasögu.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Quiznos

25. JÚNÍ–5. JÚLÍ

KOMBÓTILBOÐ

STÓR BÁTUR

+ 0,5 L PEPSI EÐA PEPSI MAX

quiznos.is

olís

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:
NORÐLINGAHOLTI · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ

LANDSBYGGÐIN:
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
SELFOSSI · HELLU · VARMAHLÍÐ

Quiznos

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst **orn@frettabladid.is.**

BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar

Ferðasaga utan þjónustusvæðis

Sumarið 2020 verður öðruvísi eins og svo margt annað þetta eftirminnilega ár með sínar ferðatakmarkanir og almenn leiðindi.

Í svoleiðis aðstæðum er því best að vera opinn fyrir tækifærum til ferðalaga á Íslandi.

Því tókum við fagnandi boði vina okkar í vor, um að heimsækja þau í skálavörslu við afskekkta eyðivík á norðausturhorni landsins. Eftir að hafa gengið hálfa heiðina með vistir og farangur, þar sem heiðin yfir í víkina var enn ófær sökum snjóalaga eftir veturinn, komumst við á áfangastað þremur tímum síðar, þrekuð og þreytt.

Við tóku einhverjir mestu dásemdardagar þessa árs. Sökum einangrunar var ekkert farsímasamband og viti menn, börn fóru samstundis að leika sér við að stífla læki, mála steina og lesa bækur og aldrei þurfti að þrefa um skjátíma. Við fullorðna fólkið töluðum mikið saman og allir sváfu mikið. Eina stressið sem lagðist yfir mann var yfir smáatriðum, eins og hvort það væri til nægur álpappír fyrir bökuðu kartöflurnar, eða hvort kólgubakkinn við austanvert fjallið myndi stoppa yfir víkinni. Yfir mann lagðist einhver djúp ró og æðruleysi, þar sem maður gat ekki heyrt af smiti veirunnar, málþófi á þingi eða öðrum hörmungum.

Þrátt fyrir þessa miklu kyrrð liðu dagarnir óvenju hratt og skyndilega var komið kvöld og maður orðinn þreyttur sem ungbarn væri.

Maður getur ekki orðið annað en þakklátur, þegar maður áttar sig á frelsinu sem algert sambandsleysi við umheiminn veitir manni.

En allt netleysi tekur enda og við sveitahótel við Skjálfandafljót, ritandi þennan pistil, hellist yfir mig tilhlökkun yfir komandi ferðalögum um þetta land sem við búum á. Það gæti alveg verið verra.

LICATA
sófar og stólar

Glæsileg lína í DORMA.
Sófar, stólar og skammel úr fallegu og slitsterku áklæði.

LICATA
2ja og 3ja sæta sófar

Sófarnir eru í tvenns konar litum af Kentucky áklæði. Annars vegar koniak og hins vegar steingrátt. Svartir nettir járnfætur. Stærð 2ja sæta: 159 x 94 x 82 cm. Stærð 3ja sæta: 199 x 94 x 82 cm

2ja sæta Dormaverð: 119.990 kr.

3ja sæta Dormaverð: 149.990 kr.

Aðeins **83.993 kr.** **104.990 kr.**

Charlotte Julien
Dream your world™

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

Þráðlaus fjarstýring með 2 minnisstillingum

C&J SILVER
stillanlegt rúm

C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með ljósi og tveimur minnisstillingum.
Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

Verðdæmi: 2 x 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu sem er á 20% útsöluafslætti: **Fullt verð: 2 x 168.900 kr. = 337.800 kr.**

Aðeins **283.140 kr.**

Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

NATURE'S REST LUXURY
heilsurúm með Classic botni

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

STÆRÐ Í CM	FULLT VERÐ DÝNA OG BOTN	ÚTSÖLUVERÐ DÝNA OG BOTN
80x200	65.900 kr.	**52.720 kr.**
90x200	69.900 kr.	**55.920 kr.**
100x200	73.900 kr.	**59.120 kr.**
120x200	79.900 kr.	**63.920 kr.**
140x200	89.900 kr.	**71.920 kr.**
160x200	99.900 kr.	**79.920 kr.**
180x200	109.900 kr.	**87.920 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m^2
- Góðar kantstyrkingar

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

MIAMI
lyftistóll – rafdrifinn

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt eða brúnt leður/PVC.

Fullt verð: 209.900 kr.

Aðeins **178.415 kr.**

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

AUSTIN
hægindastóll – rafdrifinn

Stillanlegur hægindastóll.
Svart eða grátt leður á slitflötum.
Stærð: 90x95 H: 98 cm.

Dormaverð: 104.900 kr.

Aðeins **89.165 kr.**

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

AUSTIN
3ja sæta sjónvarpssófi

Stillanlegur 3ja sæta sjónvarpssófi. Hægra og vinstra sæti hallanlegt með skemli. Miðsæti niðurfellanlegt og verður að borði.
Svart eða grátt leður á slitflötum. Stærð: 198 x 95 H: 98 cm.

Dormaverð: 209.900 kr.

Aðeins **178.415 kr.**

SMÁRATORGI | HOLTAGÖRÐUM | AKUREYRI | ÍSAFIRÐI

Láttu drauminn rætast ...

... verslaðu á **dorma.is**

Sendum frítt um allt land!

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

STÓRIBJÖRN koddi

Þægilegur dúnkoddi frá Quilts of Denmark
Stærð: 50x70cm. 85% fjaðrir. 15% andadúnn. 700g.
Áklæðið er úr 100% bómull.

Fullt verð: 6.900 kr.

Aðeins **4.140 kr.**

STÓRIBJÖRN dúnsæng

Dásamleg dúnsæng frá Quilts of Denmark.
135 x 200 cm. 700 g. 50% smáfiður. 50% hreinn andadúnn. Áklæðið er úr 100% bómull.

Fullt verð: 19.900 kr.

Aðeins **11.940 kr.**

C&J teygjulak

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Yndislega þykkt, mjúkt og vandað teygjulak sem endist! Þú finnur gæðin þegar þú leggst í rúmið. Einstök þykkt og áferð með aloe vera ögnum. Passar á allar venjulegar dýnur. 97% bómull. 3% teygja. Umhverfisvæn vara. 6 litir (ekki allir litir í öllum stærðum).

80/100-190/220
Fullt verð: 5.900 kr.
Útsöluverð: 3.540 kr.

120/130-190/220
Fullt verð: 6.900 kr.
Útsöluverð: 4.140 kr.

140/160-190/220
Fullt verð: 7.900 kr.
Útsöluverð: 4.740 kr.

180/200-190/220
Fullt verð: 8.900 kr.
Útsöluverð: 5.340 kr.

Frá aðeins **3.540 kr.**

DORMA HOME sængurföt

Falleg rúmföt, hvít með röndum sem minna á silki. Sænguverið er 140x200 cm og koddaverið 50x70 cm. Þolir þvott á 60°c, þurrkara og straujárn. Athugið að sængurverin eru opin í endann.

Fullt verð: 6.490 kr.

ÚTSALA 60% AFSLÁTTUR

Aðeins **2.596 kr.**

MPS handklæði

ÚTSALA 60% AFSLÁTTUR

Hvítt 50 x 100 cm bómullarhandklæði

Fullt verð: 995 kr.

Aðeins **398 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 9. ágúst 2020 eða á meðan birgðir endast.

DORMA
Láttu drauminn rætast